

Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum

Fyrstu skref

24. maí 2016



Viðauki; umsagnir 1. september 2016



SKÝRSLA - UPPLÝSINGABLAÐ

Titill skýrslu Stefnumörkun sveitarfélag á Vestfjörðum – Fyrstu skref		Tegund skýrslu Greinargerð	
Verkheiti Stefnumörkun sveitarfélag á Vestfjörðum – Fyrstu skref		Verkkaupi Fjórðungssamband Vestfirðinga	
Verkefnisstjóri Gunnar Páll Eydal		Verkefnisstjóri / fulltrúi verkkaupa Aðalsteinn Óskarsson	
Höfundur Gunnar Páll Eydal Eva Dís Þórðardóttir Lína Björg Tryggvadóttir Aðalsteinn Óskarsson (höfundur viðauka, september 2016)			
Staða skýrslu <input type="checkbox"/> Í vinnslu <input checked="" type="checkbox"/> Drög til yfirlstrar <input type="checkbox"/> Lokið		Dreifing skýrslu og upplýsingablaðs <input type="checkbox"/> Opin <input checked="" type="checkbox"/> Dreifing með leyfi verkkaupa <input type="checkbox"/> Trúnaðarmál	

Viðauki.

Umsagnir 1. september 2016.

Samkvæmt tillögu 61. Fjórðungspings Vestfirðinga þann 4. maí 2016, var samþykkt að drögum að greinargerð um svæðisáætlun fyrir Vestfirði, yrði sveitarfélögum á Vestfjörðum til umsagnar. Umsagnarbeiðni var send þann 24. maí 2016 og gefin frestur til 1. júlí 2016 til að skila umsögn. Greinargerðin var einnig kynnt á fundi samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Vestfjarða þann 2. júní 2016 og gefin var frestur til að skila umsögnum til 1. júlí 2016. Eitt sveitarfélag óskaði eftir fresti til að skila umsögn til 20. júlí og var hann veittur. Alls skiluðu fimm sveitarfélög umsögn en í fjórðum sveitarfélögum er málið enn til umfjöllunar. Einn aðili samráðsvettvangs skilaði umsögn.

Reykhólahreppur og **Kaldrananeshreppur** gera ekki athugasemd við framlögð drög og lýsa stuðningi við að farið verði í gerð svæðisáætlunar. **Vesturbyggð** styður að farið sé í gerð svæðisáætlunar en lögð verði áhersla eitt til tvö afmörkuð verkefni [málaflokka] í upphafi og nefna sem dæmi **ferðamál** og **náttúruvernd** í þeim efnum. **Ísafjarðarbær** samþykkir að vinnu að svæðisáætlun verði framhaldið, en með fyrirvara um að sett verði skýr markmið með áætlunni og að kostnaðarmat og skipting kostnaðar liggi fyrir áður en lengra er haldið. **Árneshreppur** samþykkir að haldið sé áfram með vinnu að svæðisáætlun. Sveitarfélagið gerir síðan athugasemd að ekki sé nægjanlega fjallað um stöðu og málefni landbúnaðar á Vestfjörðum. Draga verði einnig betur fram erfiða samkeppnisstöðu Vestfjarða gagnvart öðrum landshlutum í samgöngumálum, fjarskiptamálum, orkumálum og rekstarumhverfi fyrirtækja. Í þessum efnum er staða Árneshrepps einna síst. Að mati sveitarfélagsins eru mikil sóknarfæri í ferðaþjónustu og uppbygging hennar geti styrkt stöðu annarra atvinnugreina s.s. landbúnaðar. Bent er síðan á að í umfjöllun um hafnir og hafnarstöðu vanti að tilgreina smábátahöfnina á Norðurfirði.

Í umfjöllun aðila samráðsvettvangs er lýst stuðningi við gerð svæðisáætlunar en með ákveðnum ábendingum. Þar kemur fram að ekki sé nægjanlega fjallað um stöðu og málefni landbúnaðar á Vestfjörðum og umfjöllun vanti alfarið um skógrækt, en hún fer nú vaxandi. Huga þurfi vel að tækifærum í þessum greinum s.s. varðandi aukna heimaframleiðslu og markaðsetningu á forsendum hreinnar náttúru svæðisins, eins eru tækifæri í orkumálum. Huga þurfi vel að umhverfismálum og endurnýting og flokkun sorps eigi að vera forgangsmál hjá sveitarfélögunum. Stutt er við áherslur í menntamálum s.s. uppbyggingu framhaldsnáms á háskólastigi en bent er á að samhliða á að byggja upp starfsgreinanám og fullorðinsfræðslu.

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	5
1.1	Verkefnanefnd	5
1.2	Svæðisskipulag eða svæðisáætlun	6
1.2.1	<i>Svæðisskipulag</i>	6
1.2.2	<i>Svæðisáætlun</i>	7
2	GREINING Á STÖÐU OG STEFNU	8
2.1	Markaðsstaða Vestfjarða í dag	8
2.1.1	<i>Markaðsbrestur</i>	9
2.1.2	<i>Sjávarútvegur</i>	10
2.1.3	<i>Kalkþörungur</i>	10
2.1.4	<i>Fiskeldi</i>	10
2.1.5	<i>Ferðaþjónusta</i>	10
2.1.6	<i>Annað atvinnulíf</i>	10
2.1.7	<i>Opinber starfsemi</i>	10
2.1.8	<i>Menning</i>	11
2.2	Núverandi staða og stefna	11
2.2.1	<i>Náttúra og verndun</i>	11
2.2.2	<i>Samfélag</i>	13
2.2.3	<i>Byggð</i>	16
2.2.4	<i>Atvinna</i>	18
2.2.5	<i>Innviðir</i>	25
2.3	Samráð við hagsmunaaðila	31
2.3.1	<i>Sjávarútvegur og eldi</i>	32
2.3.2	<i>Opinberir aðilar, íþróttir og menning</i>	33
2.3.3	<i>Iðnaður, verslun og nýsköpun</i>	34
2.3.4	<i>Ferðaþjónusta</i>	34
2.3.5	<i>Landbúnaður</i>	36
2.3.6	<i>Sameiginleg sýn samráðsaðila</i>	37
3	NIÐURSTAÐA GREININGAR	39
3.1	Leiðarljós og meginmarkmið sveitarfélaga	39
3.2	Samtal við hagsmunaaðila	41
3.3	Svæðisáætlun fyrir Vestfirði	41
4	NÆSTU SKREF	44
4.1	Áherslur og aðferðafræði	44
4.2	Fyrirliggjandi gögn	44
4.3	Greining hagsmunaaðila	44
4.4	Framtíðarsýn og gildi	45
4.5	PESTLE og SVÓT greining	46
4.6	Meginmarkmið og undirmarkmið	46
4.7	Framfylgd stefnu og árangursmat	46
HEIMILDIR		1

Tafla 1. Verndarsvæði á Vestfjörðum.....	11
Tafla 3. Sviðsett dæmi um sviðsmyndir fyrir mótun framtíðarsýnar Vestfjarða.	45
Tafla 4. Hér er dæmi um uppsetningu á töflu skv. PESTLE og SVÓT aðferðafræði fyrir málaflokkinn innviðir.	46
Tafla 5. Í töflunni er dæmi um sameiginlegt markmið.	47
Mynd 1. Heildartekjur á Vestfjörðum.....	18
Mynd 2. Um 15% launa á Vestfjörðum koma frá iðnaði og annarri framleiðslu.	20

1 INNGANGUR

Talsverðar breytingar hafa orðið í atvinnulífi á Vestfjörðum undanfarin misseri, m.a. með fjölgun ferðamanna og auknu fiskeldi. Uppbygging innviða á Vestfjörðum síðustu ár hefur jafnt og þétt bætt lífsgæði og rekstrarumhverfi fyrirtækja en þó er enn langt í land að íbúar Vestfjarða standi jafnfætis öðrum landsmönnum. Veruleg breyting verður í kringum árið 2020 þegar fyrirhugað er að jarðgöng og heilsársvegur tengi saman norðan- og sunnanverða Vestfirði.

Aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga á Vestfjörðum eru flestar 8-15 ára gamlar að grunni til og flest sveitarfélög munu endurskoða áætlanirnar á næstu misserum. Í verkefninu er skoðað hvort grundvöllur sé fyrir sameiginlegri stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum í ljósi þeirra breytinga sem hafa orðið og munu verða með áherslu á uppbyggingu innviða á næstu árum. Verkefnið er því undirbúningsvinna fyrir mögulega stefnumörkun Vestfjarða þar sem leitast er við að svara eftirfarandi spurningum:

- Hver er stefna sveitarfélaga á Vestfjörðum samkvæmt gildandi áætlunum?
 - Í hvaða málaflokkum er samhljómur og í hvaða flokkum greinir á?
 - Hvert er leiðarljós sveitarfélaganna?
- Er samhljómur í þeirri stefnu sem gearar í atvinnulífinu hafa markað sér?
- Hver verða helstu viðfangsefni í stefnumörkuninni?
 - Hvaða málaflokkar eiga að vera til umræðu við stefnumörkunina og hvaða einstök efnisatriði?
- Hvaða leið er farsælast að fara við stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum?
 - Svæðisskipulag?
 - Svæðisáætlun?
- Hvernig gerum við stefnu sem skilar árangri?

Afurð verkefnisins verður rammi fyrir næstu skref. Stefnumörkunin sem mögulega verður unnin í kjölfarið verður vegvísir sveitarfélaga, íbúa og atvinnulífs, svo nýta megi þau tækifæri sem skapast og yfirvinna þær hindranir sem kunna að vera til staðar. Greinargerðin er sett upp í þremur liðum:

- **Greining á stöðu og stefnu** – samantekt á núverandi stefnu sveitarfélaga, ríkis og atvinnugreina í þeim málaflokkum sem eru til umfjöllunar.
- **Niðurstaða og greining** – farið yfir greiningu á leiðarljósum sveitarfélaga og stöðu svæðisins, möguleikum til sóknar og samtali við atvinnulífið. Dregin er fram niðurstaða um þau áhersluatriði sem fjalla ætti um í framhaldsverkefninu og metið hvort eigi að fara í gerð svæðisskipulags eða svæðisáætlunar.
- **Næstu skref** – farið er yfir mögulega aðferðafræði við frekari stefnumótun og hvernig hægt sé að tryggja að unnin verði stefnumótun sem unnið verði markvisst eftir.

1.1 Verkefnanefnd

Verkefnið var fjármagnað af Sóknaráætlun Vestfjarða og samdi Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV) við Teiknistofuna Eik ehf. og EFLU verkfræðistofu ehf. í desember 2015 um að fyrirtækin tækju að sér að vinna verkefnið og skilgreina það.

Sveitarfélög innan Fjórðungssambands Vestfjarða skipuðu verkefnanefnd sem tók þátt í vinnunni. Nefndinni var ætlað að koma með ábendingar varðandi áherslur verkefnisins og komast að niðurstöðu um hvernig stefnumótun væri æskileg fyrir Vestfirði og hvaða málaflokkar teldust til sameiginlegra hagsmuna sveitarfélaganna. Nefndin fundaði tvisvar með ráðgjöfum og FV. Nefndina skipa:

Sveitarfélag	Aðalmaður	Varamaður
Árneshreppur	Eva Sigurbjörnsdóttir arneshreppur@arneshreppur.is	Ingólfur Benediktsson giben@simnet.is
Kaldrananeshreppur	Finnur Ólafsson oddviti@drangsnes.is	Jenný Jensdóttir drangsnes@snerpa.is
Strandabyggð	Ingibjörg Emilsdóttir inga@holmavik.is	Haraldur V.A. Jónsson hofdiehf@simnet.is
Reykhólahreppur	Karl Kristjánsson karl@reykholar.is	Áslaug Berta Guttormsdóttir aslaug@reykholar.is
Vesturbyggð	Ásthildur Sturludóttir baejarstjori@vesturbyggd.is	Ásgeir Sveinsson asgeir82@hotmail.com
Tálknafjarðarhreppur	Indriði Indriðason sveitarstjori@talknafjordur.is	Jón Örn Pálsson jon@fjardalax.is
Ísafjarðarbær	Gísli Halldór Halldórsson gisli@isafjordur.is	Nanný Arna Guðmundsdóttir nannyarnag@gmail.com
Bolungarvík	Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir guggastebba@gmail.com	Halldóra Dagný Sveinbjörnsdóttir halldoras@bolungarvik.is
Súðavíkurhreppur	Guðbjörg Bergmundsdóttir gudbje@gmail.is	Pétur G. Markan petur@sudavik.is

1.2 Svæðisskipulag eða svæðisáætlun

Hér verður fjallað um kosti og galla svæðisskipulags og svæðisáætlunar til að geta svarað því hvort nálgunin á betur við ef ákveðið verður að hefja sameiginlega stefnumótun. Í kafla 3 er gerð grein fyrir niðurstöðu verkefnanefndar um stefnukosti.

1.2.1 Svæðisskipulag

Svæðisskipulag er skipulagsáætlun tveggja eða fleiri sveitarfélaga og er unnin skv. skipulagslögum nr. 123/2013. Því er svæðisskipulag ávallt unnið eftir lögformlegu ferli. Svæðisskipulag fellur einnig undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Í skipulagsreglugerð kemur fram að markmið svæðisskipulags sé „að skapa vettvang á svæðisvísu til að samræma hagsmuni hlutaðeigandi sveitarfélaga, að tryggja skynsamlega og hagkvæma þróun á grunni sameiginlegra hagsmuna, að útfæra landsskipulagsstefnu á hlutaðeigandi svæði.“ Í svæðisskipulagi er sett fram stefna um byggðapróun og önnur málefni sem viðkomandi sveitarfélög hafa sameiginlega hagsmuni um.

Skipa þarf svæðisskipulagsnefnd ef ákveðið er að fara í svæðisskipulagsvinnu. Nefndinni er ætlað að annast vinnslu, kynningu og afgreiðslu svæðisskipulags skv. lögum. Svæðisskipulag er ávallt háð því að allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir samþykki skipulagið ásamt staðfestingu Skipulagsstofnunar eða ráðherra í þeim tilvikum þegar hann skal staðfesta skipulagið.

Ávallt skal vinna svæðisskipulag fyrir sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Í dag eru fimm svæðisskipulagsáætlanir í gildi á landinu, en þær eru;

- Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040
- Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024
- Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024
- Svæðisskipulag Snæfellsness 2014-2026

Ef sveitarfélög ákveða að hefja svæðisskipulagsgerð þá greiðist kostnaður vegna vinnunnar til helminga af skipulagssjóði og hlutaðeigandi sveitarfélögum. Breytingar á svæðisskipulagi verður að gera í formlegu ferli sem tekur tíma þar sem Skipulagsstofnun og aðrar lögbundnar stofnanir þurfa að gefa umsögn og staðfesta breytinguna. Það gefur þó ákveðna festu að svæðisskipulagið breytist ekki nema fram fari ítarleg umræða. Jafnframt má líta á það sem kost að markmið svæðisskipulags eigi að endurspeglast með skýrum hætti í aðalskipulagsáætlunum hlutaðeigandi sveitarfélaga. Segja má að svæðisskipulag sé að þessu leyti „vottað“ vörumerki af ríkinu.

1.2.2 Svæðisáætlun

Með svæðisáætlun er átt við stefnumörkun sem ekki er háð lögformlegum ferlum og getur tekið til fleiri þátta en landnotkunar og byggðapróunar líkt og svæðisskipulag gerir. Svæðisáætlun gæti t.a.m. fjallað um staðarímynd, markaðssetningu, afmarkaða hluta atvinnulífs, svo sem nýsköpun og uppbyggingu einstakra atvinnugreina auk annarra hagsmuna sveitarfélaganna.

Mikilvægt er að stofnuð yrði nefnd álíka og svæðisskipulagsnefnd þar sem fulltrúar frá öllum sveitarfélögum hefðu sæti, einnig mætti horfa til þess að kalla til fulltrúa frá ákveðnum samtökum. Jafnframt er mikilvægt að vinna náið með fulltrúum atvinnulífsins og öðrum hagsmunaaðilum. Slíkt samstarf eykur viddina og gerir það að verkum að hagsmunaaðilar finna til eignarhalds á áætluninni og eru þar með líklegri til að vinna markvisst eftir henni.




Á Íslandi eru dæmi um svæðisáætlanir og má helst horfa til nýlega samþykkt svæðisgarðs Snæfellsness sem má skilgreina sem svæðisáætlun. Á Snæfellsnesi tók sig saman hópur hagsmunaaðila sem samanstendur af íbúum, fyrirtækjum, félagasamtökum og sveitarstjórnnum allra sveitarfélag á Snæfellsnesi.

Svæðisáætlun veitir ákveðið svigrúm þar sem hún er ekki háð lögum en hins vegar er ákveðin hætta á að hún nái ekki að festa sig í sessi í vinnulagi sveitarfélaga og atvinnulífsins þar sem engum ber skylda til að fylgja henni eftir. Svæðisáætlun hefur að þessu leyti ekki eins mikið vægi og lögformlegt svæðisskipulag. Ef svæðisáætlun verður fyrir valinu er mikilvægt að allir séu sammála um málefnið sem fjalla á um og að stefnumótunarvinnan sé gagnsæ og unnin í miklu samráði við hagsmunaaðila. Með góðri og breiðri þátttöku sveitarfélaga og hagsmunaaðila má auka vægi áætlunarinnar.

2 GREINING Á STÖÐU OG STEFNU

Til þess að greina stöðu og stefnu Vestfjarða þarf að skoða hvaða stefna og áætlanir eru í gildi bæði á ríkis- og sveitarstjórnarstigi og innan einstakra atvinnugeira eftir því sem við á. Í þessu verkefni hefur verið lögð áhersla á að skoða þá málaflokka sem metnir eru mikilvægir til að efla stöðu Vestfjarða og eru í beinni tengingu við þá uppbyggingu sem mun eiga sér stað á næstu árum.

Í þessum kafla er því fjallað um stöðu og stefnu á Vestfjörðum í eftirfarandi málaflokkum; náttúra og verndun, samfélag, byggð, atvinna og innviðir. Fyrst í kaflanum er gefin gróf mynd af markaðsstöðu Vestfjarða og síðan er farið yfir stöðu hvers málaflokks fyrir sig út frá gildandi stefnu og áætlunum. Samantektin á stefnu og áætlunum er að mestu byggð á aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaganna ásamt þeirri stefnu og þeim áætlunum sem liggja fyrir hjá ríkinu.

Sveitarfélög	Ríki	Annað
Aðalskipulag Sóknaráætlun Nýtingaráætlun Arnarfjarðar Umhverfissvottun o.fl. 	Byggðaáætlun Samgönguáætlun Náttúruverndaráætlun Ferðamálaáætlun Landsskipulagsstefna Fjarskiptaáætlun Kerfisáætlun Landsnets Stefna Vísinda- og tækniráðs Verndaráætlun Breiðafjarðar o.fl. 	Atvinnulíf - stefnumörkun Greiningar o.fl. 
Stefnumörkun – Vestfirðir eftir 2019		

Mynd 1. Stefnuskjöl sveitarfélaga, ríkis og atvinnulífs.

2.1 Markaðsstaða Vestfjarða í dag¹

Íbúum á Vestfjörðum hefur fækkað um tæp 9% á síðustu 10 árum á meðan Íslendingum hefur fjölgað um 12%. Á síðustu 16 árum hefur orðið fækkun í nær öllum sveitarfélögum í öllum aldursbilum upp að fimmtugt, en fjölgun í eldri hópunum. Meðalaldur íbúa á Vestfjörðum fer því hækkandi. Búferlaflutningar til og frá Vestfjörðum eru tíðir en í öllum sveitarfélögum eru aðfluttir erlendir ríkisborgarar fleiri en brottfluttir.

¹ Byggt á sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019

Í sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019 er fjallað um helstu vandamál sem einkenna byggðapróun og atvinnulíf í fjórðungnum. Bent er á neðangreinda þætti:

- Óhagstæð mannfjöldapróun, skekkt kynjahlutföll og skekktur aldurspíramídi.
- Of lágt menntunarstig og skortur á ungu háskólamenntuðu fólki. Sóknaráætlun verður að svara hvernig á að laða fólk á svæðið og fá það til að ilengjast þar.
- Fábreytni of mikil í atvinnulífi. Vantar hálaunastörf í fjórðunginn og aukna fjölbreytni, sérstaklega vantar fleiri góð störf fyrir ungt háskólamenntað fólk.
- Þjónustuframboði er að sumu leyti áfátt og svarar ekki kröfum nútímans.
- Vestfirðingar njóta ekki jafnréttis við íbúa annarra landshluta varðandi aðgang, þjónustu, öryggi og kostnað við ýmsa opinbera þjónustu, s.s. hvað varðar samgöngukerfi, fjarskipti, raforkukerfi og heilbrigðismál svo dæmi séu tekin. Sá aðstöðumunur skekkir samkeppnisstöðu landshlutans á öllum sviðum atvinnulífs og mannlífs.

Á Vestfirðum er fábreytt atvinnulíf og störfín eru einhæf og karllæg. Nokkurn viðsnúning má sjá á stöðum þar sem atvinnulíf er í vexti og umtalsverðar nýfjárfestingar hafa átt sér stað. Samkeppnisstaða atvinnugreina er áhyggjuefni og frammistaða þeirra mæld í afkomu er ekki nægilega mikil til þess að sjá mikinn innri vöxt og fjárfestingar þeirra í nýjum greinum, allavega ekki í þeim mæli að mögulegt verði að snúa við þeirri neikvæðu þróun sem hefur verið viðvarandi á Vestfirðum. Á svæðinu hefur sprottið upp töluvert af nýsköpunarverkefnum og sprotafyrirtækjum sem hafa gengið upp. Þetta eru langtímaverkefni og sum hver áhættusöm. Mörg verkefni lenda þó í þeim vandamálum að veðhæfni fasteigna og fastafjármunir eru ekki metnir hátt vegna staðsetningu þeirra. Mörg vaxandi verkefni byggja á nýtingu náttúruauðlinda t.d. fiskeldi, kalkþörungavinnsla og þörungavinnsla. Þessum atvinnugreinum fylgir nokkuð hátt hlutfall af ósérhæfðum og ófaglærðum störfum og leysa því að litlu leyti þann vanda sem fylgir einhæfu atvinnulífi svæðisins. Á svæðið vantar störf fyrir ungt háskólamenntað fólk, konur jafnt sem karla. Til viðbótar við atvinnumarkaðinn þurfa aðstæður að vera fyrir hendi til þess að laða að fólk til svæðisins. Þar verður að huga að fasteignamarkaðnum auk verslunar og grunnþjónustu.

2.1.1 Markaðsbrestur

Atvinnumarkaðurinn hefur verið í ójafnvægi, þrátt fyrir viðvarandi fólksfækkun þá er enginn spenna á vinnumarkaðnum þ.e.a.s. eftirspurnin eftir starfsfólki hefur ekki aukist og það fólk sem hefur misst vinnunna hefur flutt frá svæðinu í leit að atvinnutækifærum. Þessar aðstæður stafa líklega af því að verið er að hagræða í frumvinnslu og tæknivæða. Nýjum störfum fjölga ekki nógu ört til þess að taka við vaxandi fjölda af sérmenntuðum einstaklingum.

Í úttektum Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hefur komið í ljós að það er markaðsbrestur í húsnæðismálum svæðisins. Byggingarkostnaður er langt yfir markaðsverðum, auk þess er húsnæðisverð með lægra móti á landsvísu.

Verslun og þjónusta er ekki í jafnvægi og má finna bresti í verðlagi og framboði á þjónustu. Úttektir Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hafa sýnt að í smærri byggðalögum ríkir ónægja með verslun og þjónustu, bæði hvað úrval varðar og verðlagningu.²

² Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019

2.1.2 Sjávarútvegur

Djúpir og skjólgóðir firðir einkenna Vestfirðina og þessir firðir eru auðlind fyrir margvíslegar atvinnugreinar. Fiskveiðar inni á fjörðum, en ekki síst nálægð við ríkuleg fiskimið stutt frá landi, hafa verið grundvöllur byggðar á Vestfjörðum frá upphafi búsetuog svo er enn. Fiskvinnsla hefur hins vegar átt undir högg að sækja og þarf að grandskoða samkeppnisstöðu hennar, til þess að komast til botns í hvers vegna þurfi ívilnanir í einstaka byggðalögum til þess að láta þessa kjarnaatvinnugrein svæðisins ganga upp. Landshlutinn er frumframleiðslusvæði og það er lítið af virðisaukandi framleiðslu á svæðinu. Mögulega er of erfitt að byggja upp slíka vinnslu á svæðinu og þarf að greina vel hvaða samkeppnisforskot gæti falist í því að fara lengra í virðiskeðjuna innan Vestfjarða. Þó eru áhugaverð verkefni á sviði fiskiroðs, bragðefnavinnslu, fiskiolíu, þara, þangi og aukaafurðum í gangi og hafa dafnað vel á undanförunum árum.

2.1.3 Kalkþörungur

Á hafsbotni víða á Vestfjörðum er að finna kalkþörungur. Á Bíldudal er rekin farsæl verksmiðja sem vinnur úr setlögum í Arnarfirði og möguleikar eru á námi og vinnslu við Ísafjarðardjúp. Einnig er að finna námur í Hrútafirði. Til lengri tíma mætti hugsa sér að miðstöð kalkþörunganáms og vinnslu á heimsvísu gæti verið á Vestfjörðum. Góð grunngerð þarf að vera til staðar og kallar það á markvissar aðgerðir sveitarstjórna og ríkisvaldsins.

2.1.4 Fiskeldi

Fiskeldi er í örum vexti og mörg teikn á lofti að þessi atvinnugrein geti orðið jafnstór stoð í atvinnulífi Vestfirðinga og hefðbundinn sjávarútvegur er nú. Til þess þarf þó að yfirstíga marga þröskulda sem snúa bæði að samkeppnishæfni svæðisins og eins almennt að rekstrarskilyrðum fyrirtækja og nýtingu sjávarauðlindarinnar. Störf sem skapast eru karllæg og það er hátt hlutfall starfa þar sem ekki er krefist framhaldsmenntunar.

2.1.5 Ferðapjónusta

Atvinnugreinin er sveiflukennd og er árstíðabundin eins og er. Tækifærin eru þó umtalsverð og þarf að vinna markvisst í að byggja upp greinina innan frá, samhliða öflugri og samræmdri markaðssetningu á svæðinu. Þetta kostar umtalsverða samvinnu ólíkra geira og fjármagns, en aðgengi að því hefur verið af skornum skammti.

2.1.6 Annað atvinnulíf

Verslun og þjónusta og opinber starfsemi/þjónusta sveiflast eftir umfangi frumvinnslu- og kjarnaatvinnugreina. Fólksfæð á sumum atvinnusvæðum og sveitarfélögum er þó orðin það mikil að erfitt er að reka dagvöruverslanir og aðra grunnþjónustu.

2.1.7 Opinber starfsemi

Opinber starfsemi skapar afar verðmæt störf fyrir landshlutann, störf fyrir sérfræði- og háskólamenntaða einstaklinga þar sem laun eru talsvert yfir meðallaunum svæðisins. Í því sambandi er rétt að benda á að uppbygging háskólanáms og rannsóknahverfis hefur náð að festa rætur sem nauðsynlegt er að hlúa vel að.

2.1.8 Menning

Fjölbreytt og öflugt menningarlíf einkennir Vestfirði og eru bæði atvinnu- og áhugamenn virkir þátttakendur í því. Þátttaka í menningarviðburðum er yfirleitt góð, en víða er markhópurinn sem sækir viðburði helst til fámennur og of fáir einstaklingar sem bera menningarlífið á herðum sér. Á Ísafirði er menningarmiðstöð sem ríkið hefur ekki stutt fjárhagslega, öfugt við sambærilegar miðstöðvar á Austurlandi og Suðurlandi. Listskóli er starfandi á Ísafirði og tónlistarskólar eru starfandi í öllum stærri sveitarfélögum. Tónlistarlífið hefur verið öflugt, sbr. ímynd Ísafjarðar sem tónlistarbæjar. Fá viðurkennd söfn eru starfandi á svæðinu en mörg verkefni í menningartengdri ferðaþjónustu og listahátíðir á Vestfjörðum standa framarlega á landsmælikvarða. Starfsemi flestra safna líður fyrir skort á rekstrarfjármagni en miklir möguleikar eru á að efla þau með tilheyrandi jákvæðum áhrifum á menningu og mannlíf. Helstu hindranir fyrir eflingu menningarlífs á Vestfjörðum eru þær sömu og fyrir eflingu byggðar og atvinnulífs þ.e. skortur á fjármagni, slæmar samgöngur, brotalamir varðandi fjarskipti og nettengingar, hár rekstrar-, flutnings- og ferðakostnaður og fólksfæð. Miklir möguleikar eru til vaxtar í listum og skapandi greinum og þá eru einnig umtalsverð vaxtartækifæri í listmenntun sem í báðum tilvikum þarf að kortleggja betur og greina.

2.2 Núverandi staða og stefna

2.2.1 Náttúra og verndun

2.2.1.1 Staða

Vestfirðir eru ríkir af sérstæðri náttúru til lands og sjávar, náttúrufegurð og afskekktum eyðibygðum, þeim þekktustu á Hornströndum.³ Mikið er um friðlýst svæði og aðrar skráðar náttúruminjar. Alls eru friðlýst svæði sjö og er stærð þeirra tæplega 100 þúsund hektarar (1.000 ferkílómetrar).⁴ Stór svæði eru jafnframt hverfisvernduð í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga og unnið er að stofnun þjóðgarðs við Látrabjarg.

Tafla 1. Verndarsvæði á Vestfjörðum.⁴

	Fjöldi	Stærð
Þjóðgarðar	0	
Friðlönd	4	78.140 ha
Flatey, Reykhólahreppi		100 ha
Hornstrandir		58.000 ha
Hrísey, Reykhólahreppi		40 ha
Vatnsfjörður, Vesturbyggð		20.000 ha
Náttúruvætti	2	850 ha
Dynjandi við Arnarfjörð		700 ha
Surtarbrandsgil, Vesturbyggð		150 ha
Önnur friðuð svæðir	1	20.000 ha
Breiðafjörður		20.000 ha
Aðrar náttúruminjar	41	

³ Byggðastofnun 2015

⁴ Sóknaráætlun 20/20

2.2.1.2 Stefna ríkis

Ríkisstjórn Íslands samþykkti árið 2002 stefnumörkun um sjálfbæra þróun til ársins 2020 og bar hún yfirskriftina Velferð til framtíðar.⁵ Í þessari plagginu eru m.a. sett fram eftirfarandi markmið um verndun náttúru landsins:

- Vernd lífríkis Íslands.
 - Viðhaldið verði fjölbreytni tegunda og vistgerða.
 - Forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi landsins. Unnið verði að endurheimt votlendis og annarra mikilvægra vistkerfa þar sem slíkt er talið mögulegt.
- Vernd sérstæðra jarðmyndana.
 - Lögð verði áhersla á verndun þeirra jarðmyndana sem eru sérstakar á svæðis-, lands- eða heimsvísu. Gengið verði frá skipulegu yfirliti yfir jarðmyndanir á Íslandi sem verði grunnur að markvissri verndun þeirra.
- Vernd víðerna.
 - Tryggt verði að stór samfelld víðerni verði áfram að finna í óbyggðum Íslands.
 - Reynt verði að byggja mannvirki utan skilgreindra víðerna en þar sem slíkt er ekki mögulegt verði þess gætt að þau valdi sem minnstu raski og sjónmengun.

Í Hvítbók um náttúruvernd eru dregin saman helstu sjónarmið sem felast í þeirri stefnumótun og áætlanagerð sem þar er fjallað um⁶. Þessi áhersluatriði stjórnvalda eru:

- Að vernda beri það sem er sérstætt og fágætt í íslenskri náttúru,
- að vernda beri líffræðilega fjölbreytni,
- að leggja þurfi aukna áherslu á vistkerfisnálgun,
- að efla þurfi kortlagningu náttúrunnar og greiningu vistgerða,
- að efla þurfi rannsóknir og vöktun,
- að tryggja beri möguleika almennings til að njóta náttúrunnar,
- aukin áhersla á jafnvægi verndar og nýtingar náttúruauðlinda,
- að tryggja beri að nýting lands, lífríkis og annarra auðlinda sé sjálfbær,
- að tryggja þurfi öryggi gagnvart dreifingu erfðabreyttra lífvera og ágengra framandi tegunda.

Unnið er að friðlýsingu á Látrabjargi og Rauðasandi í samræmi við náttúruverndaráætlun 2009-2013. Áætlunin gerir einnig ráð fyrir friðlýsingu Snæfjallastrandar og Kaldalóns (plöntusvæði). Fjallað er nánar um verndarsvæði í verndaráætlunum einstakra svæða. Verndaráætlun Breiðafjarðar var samþykkt árið 2015 og verndaráætlun fyrir Dynjanda hefur einnig verið samþykkt.

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er fjallað um haf- og strandsvæði. Þar segir: Skipulag nýtingar á haf- og strandsvæðum grundvallist á heildarsýn á málefni hafsins þar sem viðhaldið er heilbrigði, líffræðilegri fjölbreytni og framleiðslugetu hafsins. Skipulagsákvæðanir um staðbundna nýtingu á haf- og strandsvæðum byggja á vistkerfisnálgun og stuðli þannig að viðhaldi vistkerfa og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

⁵ Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi – stefnumörkun til 2020

⁶ Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands.

2.2.1.3 Stefna sveitarfélaga

Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa ekki markað sameiginlega heildarstefnu um nýtingu og þróun svæðisins. Samkvæmt aðalskipulagsáætlunum sínum leggja þau áherslu á að varðveita sérkenni og fjölbreytileika svæðisins. Sett hafa verið ákvæði til að varðveita friðlýst svæði en auk þessa hafa sveitarfélögin hverfisverndað í aðalskipulagsáætlunum sínum stór svæði sem ríkisvaldið hefur ekki friðlýst, m.a. það sem kallast *önnur svæði* í náttúruminjaskrá. Sérstaklega er talað um varðveislu ásyndar og er í því samhengi talað um mikilvægi útivistar fyrir íbúa og mikilvægi ferðaþjónustu fyrir svæðið. Sveitarfélögin leggja almennt áherslu á að nýting náttúru og auðlinda fari fram á sjálfbæran hátt. Stefna sveitarfélaganna er að fara varlega í stærri framkvæmdir sem rýrt geta verðmæt svæði. Horfa þarf til þess hve mikið álag einstök svæði þola þegar teknar eru ákvarðarnir um nýtingu svæða.

Sveitarfélögin innan Fjórðungssambands Vestfirðinga hafa samþykkt að marka þá stefnu að sérgreina sig sem umhverfisvænt og sjálfbært samfélag þar sem áhersla er lögð á að vernda sögu, minjar og landslag fyrir komandi framtíð. Sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa þannig reynt að stuðla að sjálfbærni og horft meira til náttúru- og landverndar og eru með því að hvetja fyrirtæki, íbúa og opinberrar stofnanir á svæðinu að feta sömu braut.

Vesturbyggð, Ísafjarðarbær og Tálknafjarðarhreppur hafa samþykkt nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar. Þar er gert ráð fyrir að Geirþjófsfjörður verði skilgreindur sem *náttúrusvæði* (sjá áfmörkun á stefnuuppdrætti). Í því felst að honum verði hlíft við nýtingu sem skerðir ásynd hans eða hefur neikvæð áhrif á náttúru og menningarverðmæti. Verndunin skerðir ekki þá nýtingu sem fram hefur farið síðustu ár og áratugi, svo sem veiðar eða útivist.

2.2.2 Samfélag

2.2.2.1 Menning

2.2.2.1.1 Staða

Á Vestfjörðum er öflugt og fjölbreytt menningarlíf sem byggist á starfandi listamönnum, fjölmörgu áhugafólki, menningarfélögum, svo sem kórum og leikfélögum, og menningarstofnunum, svo sem söfnum, setrum og sýningum. Mörg verkefni á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu eru á landsmælikvarða og starfsmenn safna sinna rannsóknum, forvörslu, skráningu og miðlun með margvíslegum hætti. Atvinnuleikhús er starfandi og nokkrar árlegar listahátíðir setja svip á menningarlífið. Listskóli er starfandi á Ísafirði og menningarmiðstöð. Samvinna menningarlífs, listmanna, fræðimanna og ferðaþjónustu er talsverð og skapar mikla möguleika.

Aðstaða til listiðkunar er yfirleitt góð og þátttaka sveitarfélaga í uppbyggingu menningarverkefna er nokkur og skiptir miklu máli. Verkefni tengdum heimildamynda- og kvikmyndagerð fjölgar og þekking á því sviði fer vaxandi á svæðinu. Þannig veita listræn verkefni og söfn, setur og sýningar innsýn í menningararfinn og sögu svæðisins, en einnig lífshætti, sérkenni svæðisins og fólksins, mannlíf og menningarlíf á svæðinu.

2.2.2.1.2 Stefna ríkis

Stjórnvöld hafa gefið það út að þau líti á það sem hlutverk sitt að skapa skilyrði fyrir fjölbreytni, sköpun og frumkvæði á sviði lista og menningararfs í landinu. Árið 2013 var á Alþingi samþykkt Menningarstefna. Stefnan er sett fram í leiðarljósum stjórnvalda, sem eru sextán talsins og sex köflum með nokkrum markmiðum í hverjum og einum. Í Menningarstefnunni eru settir fram fjórir meginþættir sem eru:

- Sköpun og þátttaka í menningarlífinu
- Gott aðgengi að listum og menningararfi
- Samvinna stjórnvalda við þá fjölmörgu aðila sem starfa á sviði menningar

- Þátttaka barna og ungmenna í menningarlífinu⁷

2.2.2.1.3 Stefna sveitarfélaga

Sveitarfélög á Vestfjörðum stefna að því að efla og auðga menningarstarfsemi á svæðinu og fjölga tækifærum á sviði skapandi greina. Þau leggja áherslu á að listir og menning séu mikilvægur hluti af atvinnu- og búsetuskilyrðum fjórðungsins og að menningarstarf skipti miklu máli fyrir mannlíf á svæðinu, sjálfsmynd íbúa og ímynd Vestfjarða.

2.2.2.2 Menntamál

2.2.2.2.1 Staða

Fram kemur í Sóknaráætlun að góður aðgangur er að framhaldsskólanámi á Vestfjörðum. Einnig er hægt að stunda fjarnám á háskólastigi í gegnum Háskólasetrið á Vestfjörðum sem staðsett er á Ísafirði og einnig er boðið upp á aðstöðu fyrir fjarnemendur á háskólastigi í þróunarsetrum á Patreksfirði og Hólmavík. Í Háskólasetrinu á Ísafirði er boðið upp á meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun. Vestfirðir hafa lengi glímt við þann vanda að menntunarstig fólks er lægra en í flestum öðrum landshlutum. Í Stöðugreiningu Vestfjarða 2014 frá Byggðastofnun, kemur fram að íbúar á Vestfjörðum með grunnskólapróf eða lægri menntun eru fleiri en í öðrum landshlutum.⁸

2.2.2.2.2 Stefna stjórnvalda

Að hálfu stjórnvalda liggur ekki fyrir heildstæð menntastefna sem Alþingi hefur tekið til umfjöllunar. Hins vegar hefur Mennta- og menningarmálaráðherra lagt fram hvítbók um umbætur í menntun sem finna má á heimasíðu ráðuneytisins. Sett eru fram tvö meginmarkmið í hvítbókinni til ársins 2018 en þau eru:

- 90% grunnskólanema nái lágmarksviðmiðum í lestri
- 60% nemenda ljúki námi úr framhaldsskóla á tilsettum tíma⁹

2.2.2.2.3 Stefna sveitarfélaga

Sveitarfélögin á Vestfjörðum stóðu að sameiginlegu Skólalþingi á Patreksfirði þann 1. október 2015. Sveitarfélögin ákváðu síðan að að samskonar þing verði haldið ár hvert, til að hvetja skóla á Vestfjörðum til að vinna áfram að faglegu starfi og læra hver af öðrum, hvað sé vel gert og hvað gæti verið gert betur. Sú sýn sem sveitarfélögin á Vestfjörðum eru að setja fram er að efla eigi skólana á svæðinu til að verða enn betri. Skólar á Vestfjörðum líkt og aðrir skólar á landinu vinna eftir aðalnámskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla. Fram kemur í Sóknaráætlun að hvað varðar menntun sé eftirfarandi nauðsynlegt: „... hvað varðar framhaldsnám þá verður að tryggja starfsemi Menntaskólans á Ísafirði og framhaldsdeilda á Patreksfirði og Hólmavík og einnig að tryggt sé framhaldsnám í tónlist og að stutt sé við starfsemi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða. Í annan stað að tryggja að starfsemi Háskólaseturs Vestfjarða verði eflað, bæði til uppbyggingar staðbundins náms og fjarnáms á háskólastigi“.⁸ Í Sóknaráætlun er lögð áhersla á eftirfarandi:

- „Skólar og skólamál eru mikilvæg grunngerð sem þarf að hlúa að í öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum. Átak í tónlistar- og tónleikaidkun, sem hægt væri að tengja við skólastarf á hverjum stað.“
- Mikilvægt er að sveitarfélögin setji sér sameiginlega stefnu á öllum skólastigum og skapað verði fjölbreyttari skólastarf á svæðinu.

⁷ Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013

⁸ Fjórðungssamband Vestfirðinga, 2015

⁹ Mennta- og menningarmálaráðuneytið (b)

- Mikilvægt er að allir hafi jafnan möguleika á að sækja sér háskólamenntun í heimabyggð en sú er ekki raunin allstaðar þar sem nettenging er ekki nægilega öflug í öllum sveitarfélögum á svæðinu.
- Leggja þarf áherslu á verklega kennslu í grunn- og menntaskóla.
- Verja þarf skólastarf á framhaldsskólastigi og háskólastigi sem þegar er til staðar á svæðinu.⁸

2.2.2.3 Heilbrigðismál

2.2.2.3.1 Stefna stjórnvalda

Engin heilbrigðisáætlun er í gildi á Íslandi en til eru drög að heilbrigðisáætlun sem gilda átti til ársins 2020. Sú vinna stoppaði og hefur verið í nefnd frá árinu 2012. Síðast Heilbrigðisáætlun gilti til 2010 og var meira sett fram sem Lýðheilsustefna en áætlun um heilbrigðismál. Hins vegar er ráðgert að ráðherra leggi fram nýja áætlun vorið 2016 sem á að vera í samræmi við svokallaða *Health 2020* sem er forskrift sem Evrópuskrifstofa WHO gefur út. Því má segja að heilbrigðisstefnuna sé að finna í lögum, reglugerðum, fjárlögum og í einstaka verkefnum.

2.2.2.3.2 Stefna sveitarfélaga

Ekki er hægt að finna stefnu sveitarfélaga um heilbrigðismál enda er sá flokkur á forræði stjórnvalda á landsvísu. Hins vegar hafa öll sveitarfélögin það að leiðarljósi að tryggja skuli öllum íbúum aðgengi að góðri heilbrigðisþjónustu enda sé góð heilbrigðisþjónusta einn af hornsteinum velferðar og getur skipt sköpum í búsetuvali.

2.2.2.4 Íþróttir

2.2.2.4.1 Stefna stjórnvalda

Stefna ríkisins í íþróttamálum er byggð á þeirri stefnu að íþróttastarf skuli vera skipulagt af frjálsum félagasamtökum um land allt. Í stefnumótun ríkisins um íþróttir segir:

„Stefna ráðuneytisins í íþróttamálum tekur mið af þeim lagaskyldum sem ríkið hefur samkvæmt íþróttalögum og alþjóðalögum og samningum sem tengjast málefnum stofnana og frjálsra félagasamtaka sem fara með íþróttamál í landinu. Unnið skal að eftirfarandi markmiðum:

- Umhverfi og skipulag íþróttastarfs í landinu verði bætt og því skipaður verðugur sess í íslensku þjóðlífi.
- Almenningsíþróttir verði eflar og landsmenn taki aukinn þátt í íþróttum og almennri hreyfingu.
- Íþróttaiðkun barna og unglinga í skóla og frjálsu félagastarfi íþróttahreyfingarinnar verði eflar.
- Keppnis- og afreksíþróttir verði eflar.
- Að sem flestir hafi tækifæri til þess að stunda íþróttir á því sviði sem þeir kjósa, hvort heldur er til ánægju, heilsubótar eða með afreksárangur í huga.
- Menntun og rannsóknir á sviði íþróttufræða verði eflar.
- Íslenskt íþróttalíf verði ávallt laust við lyfjamisnotkun.
- Uppbygging íþróttastarfs, hvort sem um er að ræða æfingar eða keppnir taki mið af því að allir hafi sömu tækifæri til þátttöku.¹⁰

2.2.2.4.2 Stefna sveitarfélaga

Sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa almennt ekki skrifaða stefnu sem farið er eftir varðandi íþróttamál. Hins vegar hafa öll sveitarfélögin lýst því yfir að þau hafi opin hug varðandi hverskonar íþróttamál og íþróttamannvirki. Eina sveitarfélagið sem hefur stefnu er Ísafjarðarbær en þar er í gildi íþrótt og tómstundastefna sem lýtur að því að hafa fjölbreytt

¹⁰ Mennta- og menningarmálaráðuneytið (a)

íþróttastarf í boði. Sveitarfélagið hefur gert samning við Héraðssamband Vestfirðinga og er þar rekinn íþróttaskóli HSV sem sinnir íþróttastarfi barna og ungmenna.

2.2.3 Byggð

2.2.3.1 Staða

Í grófum dráttum skiptir landslag Vestfjörðum í þrjú undirsvæði, sunnanverða og norðanverða Vestfirði og Strandir.¹¹ Byggðarlög á stórum svæðum á Hornströndum, við Djúp og í Jökulfjörðum fóru í eyði á síðustu öld og byggð á Vestfjörðum er aðallega á útgerðarstöðunum.

Aðstæður fólks, sókn eftir þjónustu, vinnu og verslun ráðast að nokkru af vegalengdum og ferðatíma. Sama má segja um forsendur til rekstrar fyrirtækja. Þannig hefur þéttleiki byggðar áhrif á búsetuskilyrði. Miðað við þetta byggð á höfuðborgarsvæðinu eru aðrir landshlutar strjálbýlir en á Vestfjörðum er mikill munur á milli svæða.

Íbúafjöldi svæða og þéttleiki byggðar eru kvarðar sem auðvelt er að fylgjast með. Þeir byggjast á mannfjöldatölum Hagstofu Íslands ár hvert og landstærðum sem Landmælingar Íslands hafa reiknað. Skipting íbúafjöldans eftir kynjum er kvarði sem er mikilvægur og aðgengilegur í gögnum Hagstofu Íslands og uppfærast þar á hverju ári.

Svæði Sóknaráætlunar Vestfjarða nær yfir 8.898 km², þar af eru 3.715 km² eða 41,8% undir 200 m y.s. Vestfirðir afmarkast af sjó nema á mjórri ræmu að sunnan, milli marka í botnum Gilsfjarðar og Bitrufjarðar á Ströndum. Mörk Strandabyggðar og Húnaþings vestra, áður Bæjarhrepps, eru þó upp frá Skarfatanga, við Bitrufjörð að sunnan.¹² Á starfssvæði landshlutasamtaka sveitarfélaga á Vestfjörðum, Fjórðungssambands Vestfirðinga, eru 9 sveitarfélög með 6.883 íbúa 1. janúar 2016.

2.2.3.2 Stefna ríkis

Í þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014-2017 eru eftirfarandi markmið skilgreind:

- Uppbygging öflugs gagnanets sem verði í samræmi við fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011–2022.
- Framleiðsla og dreifing raforku mæti þörfum atvinnulífs og almennings alls staðar á landinu hvað varðar flutningsgetu og afhendingaröryggi. Jafnaður verði milli landshluta kostnaður við flutning og dreifingu á raforku.
- Vegfarendur komist leiðar sinnar innan og milli atvinnu- og þjónustusvæða á ódýran, fljótlegan og öruggan hátt.
- Brothætt byggðarlög. Stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins.
- Stuðningur við einstaklinga. Fjölga vel menntuðum einstaklingum á varnarsvæðum landsins.
- Stuðningur við fyrirtæki. Fjölbreytt atvinnustarfsemi geti dafnað á efnahagslega veikum svæðum.
- Nýsköpun og vaxtargreinar. Stuðlað verði að fjölbreyttu atvinnulífi og nýsköpun um allt land í samræmi við Atvinnustefnu fyrir Ísland.
- Stuðningur við nýfjárfestingu og atvinnuuppbyggingu. Nýfjárfesting í atvinnurekstri verði eflað.
- Dreifing opinberra starfa. Stuðlað verði að fjölbreyttum atvinnutækifærum um allt land með dreifingu starfa á vegum ríkisins.

¹¹ Byggðastofnun 2015

¹² Byggðastofnun 2015

- Stoðkerfi hins opinbera. Fyrirtæki og einstaklingar á landsbyggðinni hafi aðgengi að skilvirku og öflugu stoðkerfi atvinnuþróunar.
- Fyrirtækjum á starfssvæði Byggðastofnunar verði tryggður aðgangur að lánsfjármagni á sambærilegum kjörum og fjármálafyrirtæki bjóða á höfuðborgarsvæðinu.
- Stuðningur við uppbyggingu skógarauðlindar. Stuðningur við skógrækt á bújörðum þar sem aðstæður eru ákjósanlegar verði eflur með áherslu á viðarframleiðslu, kolefnisbindingu, aukin landgæði, betri búsetuskilyrði og atvinnusköpun.
- Stefnumótun um opinbera þjónustu. Íbúar landsins, óháð búsetu og efnahag, njóti sömu tækifæra hvað varðar aðgengi að opinberri grunnþjónustu og kröfur eru gerðar um í nútímasamfélagi.
- Opinberar upplýsingar á sviði byggðamála. Stefnumótun í byggðamálum og framkvæmd hennar styðjist við traust gögn.

2.2.3.3 Stefna sveitarfélaga

Sveitarfélög á Vestfjörðum leggja áherslu á fjölbreytta búsetumöguleika og aðlaðandi umhverfi í góðum tengslum við náttúru, sögulegt umhverfi og önnur sérkenni. Áhersla er lögð á að uppbygging skerði ekki sérstöðu svæðisins og ásýnd þess í heild, þ.e. lítt spillta náttúru, líffræðilega fjölbreytni, landslagsheildir og menningarsögu. Sveitarfélögin stuðla að varðveislu þessara gæða með hverfisverndun ákveðinna svæða. Almennt vilja sveitarfélögin varðveita gömul hús, húsabyrpingar eða húsagötur sem hafa á einhvern hátt verndargildi enda styrkir það ásýnd byggðarlaganna og þar með efnahag og samfélagsgerð. Dæmi um þetta má m.a. sjá í Aðalskipulagi Ílafjarðarbæjar 2008-2020.

Almennt er lögð áhersla á öflug miðsvæði með góðri þjónustu við íbúa og að sérkenni hvers byggðakjarna fái að njóta sín. Í aðalskipulagsáætlunum er m.a. fjallað er um mikilvægi þess að huga að umferð aldraðra og hreyfihamlaðra við hönnun, lagningu og viðhald göngustíga og gangstétta.

Jafnframt er lögð áhersla á að bæta ímynd svæðisins og þannig stuðla að fólksfjölgun og frekari atvinnutækifærum, en sveitarfélögin leggja öll áherslu á að fjölga íbúum eftir fólksfækkun síðustu 25 ára. Í samræmi við það vilja sveitarfélögin tryggja að nægt framboð á lóðum, bæði fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Lögð er áhersla á fjölbreytni, þannig að val sé um búsetu m.t.t. umhverfis og staðsetningar. Stefnt er að heildstæðum og fallegum íbúðahverfum í góðum tengslum við útivist og þjónustu.

Sveitarfélögin vilja bjóða upp á fjölbreytt svæði fyrir frístundahús, án þess að skerða sérstöðu og ásýnd svæðisins og í sátt við aðra landnotkun. Sveitarfélögin heimila byggingu tveggja til þriggja stakra frístundahúsa á hverri bújörð. Frekari takmarkanir eru gerðar á afmörkuðum svæðum, t.d. í Hornstrandafriðlandi. Til viðbótar eru skilgreind afmörkuð svæði fyrir fleiri frístundahús. Sum sveitarfélögin vilja takmarka frístundabyggð við fá en afmörkuð svæði. Sérstaklega er talað um að uppbygging frístundahúsa skuli ekki skerða góð landbúnaðarsvæði, t.d. ræktarland, aðgengi að útivistarsvæðum eða loka gömlum göngu- og reiðleiðum.


Gott landbúnaðarland, sem er í góðum tengslum við innviði sveitarfélagsins, verði nýtt til landbúnaðar. Jafnframt verði hefðbundin hlunnindanýting tryggð á eyðijörðum og afskekktari búsvæðum. Landbúnaðarnýting og hefðbundin hlunnindanýting skal ekki skerða önnur gæði svæðisins.

2.2.4 Atvinna

2.2.4.1 Sjávarútvegur

2.2.4.1.1 Staða

Stórt hlutfall útflutningsafurða Íslendinga eru sjávarafurðir og er því stórt hlutfall gjaldeyrstekna komið úr þeim geira. Gjöful fiskimið eru í íslenskri lögsögu og er nálægðin við þau einn af kostunum sem Vestfirðir hafa að bera. Sjávarútvegur á Vestfjörðum skapar um 52% af heildartekjum svæðisins og er hann stærsti launagreiðandinn á svæðinu en um 42% af greiddum launum á svæðinu eru vegna sjávarútvegs.



Heimildir: Skattframtöl lögaðila fyrir skoðuð tímabil, Ríkisreikningar, Ársreikningar Sveitarfélaga, Hagstofa Íslands auk eigin útreikninga

Mynd 1. Heildartekjur á Vestfjörðum.¹³

Íbúum á Vestfjörðum hefur fækkað verulega síðustu áratugin en á árunum 1998 til 2014 hefur fækkunin verið um 18,6%. Atvinnumarkaðurinn hefur verið í ójafnvægi, atvinnulíf á Vestfjörðum er einhæft og atvinnuöryggi lítið. Lítið er um störf fyrir menntað fólk, vöntun er á menntunarmöguleikum og önnur vandamál er tengjast grunnþörfum eins og samgöngum, fjarskiptum og afhendingu raforku þarf að bæta.

Á Vestfjörðum eru skilgreind þrjú vinnusóknarsvæði sem eru norðursvæði, suðursvæði og Strandir og Reykhólar. Dreifbýli fellur að hluta utan vinnusóknarsvæða. Skiptingin er tilkomin vegna þeirra vegalengda sem eru á milli þéttbýliskjarna. Langar vegalengdir gera það að verkum að fólk á erfitt með að sækja atvinnu milli þessara svæða. Einnig er lítið um að fólk utan Vestfjarða sækir atvinnu inn á svæðið og er þar helsta ástæðan langar vegalengdir og óvissa í samgöngum, sérstaklega á veturna. Atvinnuleysi hefur verið lítið á Vestfjörðum síðustu ár. Það er væntanlega vegna þess að fólk sem missir atvinnu flyst burt af svæðinu og því er ekki mælanlegt aukið atvinnuleysi. Hins vegar er mikið um að fólk frá öðrum löndum flytji á svæðið til að vinna við frumvinnslustörf í sjávarútvegi þar sem ekki hefur fengist fólk af svæðinu til að vinna þau störf.

Sjókviældi hefur verið sívaxandi iðnaður undanfarin ár og í mikilli þróun á Vestfjörðum. Ljóst er að sveitarfélögin þurfa að móta sér stefnu varðandi þann iðnað og fjalla þarf frekar um sjókviældi í aðalskipulagsáætlunum þeirra. Sveitarfélögin hafa þó bent á að stefnuleysi sé hjá stjórnvöldum varðandi þessi mál og það hafi áhrif á skipulagáætlanir þeirra. Sveitarfélög á

¹³ Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða 2014.

Íslandi hafa ekki skipulagsvald yfir aðliggjandi haf- og strandsvæðum, aðeins umsagnarrétt s.s. um hvar sjókvíar eru settar niður.

2.2.4.1.2 Stefna ríkis

Fjöldi laga og reglugerða varða nýtingu á haf- og strandsvæðum og marka þannig stefnu ríkisins. Þau eru:

- Lög um mat á umhverfisáhrifum og lög um umhverfismat áætlana (105/2006) (nr. 106/2000)
- Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011
- Lög um eignarrétt íslenska ríkisins á auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990
- Kolvetnislög nr. 13/2001
- Lög um náttúruvernd nr. 44/1999
- Lög um skeldýrarækt
- Lög um fiskeldi (nr. 71/2008)
- Lög um stjórn fiskveiða (nr. 116/2006)
- Skipulagslög nr. 123/2010

Stefna íslenskra stjórnvalda um málefni hafsins var sett fram í ritinu Hafið árið 2004. Þar er sett fram stefna um að viðhaldið verði heilbrigði hafsins, líffræðilegum fjölbreytileika og framleiðni í hafinu, með sjálfbæra nýtingu þess í huga. Í stefnumörkuninni er lögð áhersla á að stýra auðlindinni á þann hátt að nýting verði í jafnvægi þannig að afrakstur hennar verði hámarkaður og að tryggja eftir getu atvinnu og byggð í landinu sem byggist meðal annars á öflugum sjávarútvegi. Markmið íslenskra stjórnvalda er að tryggja að þjóðin hafi full yfirráð yfir þeim auðlindum sem eru í kring um landið og að nýting þeirra verði með sjálfbærum hætti. Ríkið leggur einnig áherslu á að a.m.k 10% af þeim orkugjöfum sem nýttir er í sjávarútvegi árið 2020 komi frá endurnýtanlegum uppruna.¹⁴

2.2.4.1.3 Stefna sveitarfélaga

Sjávarútvegur hefur lengi verið ein af meginundirstöðum byggðar á Vestfjörðum. Landfræðilegar aðstæður hafa orðið til þess að atvinnugreinin hefur vaxið og dafnað á svæðinu og er hægt að segja að í raun hafi hún ráðið miklu um byggðaþróunina á Vestfjörðum.

Sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa ekki sett sér sameiginlega stefnu tengda sjávarútvegi. Hins vegar má sjá í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaganna að þau setja sér flest þá stefnu að tryggja skuli rými fyrir frekari þróun í sjávarútvegi og efla skuli rannsóknir sem styrkja muni tengsl við menntastofnanir. Þar er lögð áhersla á að nýta skuli þau tækifæri sem gefast t.d með sjávar tengdri ferðaþjónustu og ímynd svæðisins sem getur skipt miklu máli varðandi þróun þess. Öll sveitarfélögin á Vestfjörðum eru að vinna að því að fá starfsemi þeirra umhverfisvottaða frá umhverfisvottunarsamtökunum EarthCheck. Sveitarfélögin líta svo á að vottað umhverfi sé líklegt til að byggja traustari grunn fyrir matvælafyrirtæki s.s. í sjávarútvegi.

2.2.4.1.4 Stefna greinar

Samkvæmt umhverfisstefnu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi er stefna þeirra að byggja á sjálfbærri nýtingu auðlindarinnar og vinna að því að viðhalda hreinu og heilnæmu hafsvæði umhverfis Ísland.¹⁵

¹⁴ Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið/Hafið


¹⁵ SFS - vefsíða: <http://www.sfs.is/um-sfs/nanar/umhverfisstefna>

2.2.4.2 Iðnaður

2.2.4.2.1 Staða

Iðnaður á Vestfjörðum er í uppgangi og má t.d nefna fyrirtæki eins og Þörungaverksmiðjuna á Reykhólum, Kalkþörungaverksmiðjauna á Bíldudal, 3x Technology á Ísafirði, Loga á Patreksfirði, ásamt því að mikil uppbygging er á iðnaði tengdum fiskeldi. Til að iðnaður geti byggst upp og orðið öflugri á Vestfjörðum þarf að tryggja að íbúar svæðisins sitji við sama borð og íbúar annarra landshluta varðandi samgöngur, orkumál og aðra innviði samfélagsins.

Árið 2012 greiddu fyrirtæki í iðnaði og annarri framleiðslu um 15% launa á Vestfjörðum samkvæmt greiningu um stöðu atvinnulífs á Vestfjörðum sem Atvinnupróunarfélag Vestfjarða gerði árið 2014.¹⁶



Mynd 2. Um 15% launa á Vestfjörðum koma frá iðnaði og annarri framleiðslu.¹⁷

2.2.4.2.2 Stefna ríkis

Ríkið hefur ekki sett sér heildstæða stefnu er varðar iðnað á Íslandi. Þó er fjallað um hvar og hvernig stóriðnaði skuli háttað og þess getið að loftmengun vegna hans skuli haldið í lágmarki. Árið 2012 setti Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fram framtíðarsýn með þeim grundvallaratriðum sem heildstæð atvinnustefna ætti að fela í sér. Stefnan hefur ekki verið sett fram og ekki er ljóst hvenær svo verður. Framtíðarsýnin er þessi:

„Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að mótuð verði heildstæð atvinnustefna fyrir Ísland, byggð á jafnræði atvinnugreina, jafnrétti kynjanna, heilbrigðum viðskiptaháttum og grænni atvinnuuppbyggingu í samræmi við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Jafnframt verði hugað að samkeppnishæfi íslensks atvinnulífs í alþjóðlegum samanburði. Stefnan verði útfærð í formlegu samráði stjórnvalda, sveitarfélaga, aðila vinnumarkaðarins, og háskólasamfélagsins.“¹⁸

2.2.4.2.3 Stefna sveitarfélaga

Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa ekki markað sameiginlega heildarstefnu um iðnað á svæðinu en fjallað er um iðnað í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaganna. Í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar kemur fram að stóriðnaður stangist á við núverandi uppbyggingu og nýtingu á

¹⁶ Atvinnupróunarfélag Vestfjarða 2014

¹⁷ Atvinnupróunarfélag Vestfjarða 2014

¹⁸ <https://www.forsaetisraduneyti.is/verkefni/soknaraaetlun-2020/>

svæðinu. Í aðalskipulagi Bolungarvíkurkaupstaðar er tekið fram að gæta þurfi þess að stóriðnaður skyggi ekki á það sem þegar er til staðar og að hann megi ekki hafa neikvæð áhrif á fyrrnefndar atvinnugreinar. Í flestum aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaganna kemur fram að halda eigi í ímynd og hreinleika svæðisins.

2.2.4.2.4 Stefna greinar

Á heimasíðu Samtaka iðnaðarins segir að þau hafi sett sér skýr og mælanleg markmið varðandi iðnað á Íslandi. Starfsumhverfi fyrirtækja skuli vera alþjóðlega samkeppnishæft og hvetja eigi til nýsköpunar. Þar segir: „Með því að starfrækja formlegan samstarfsvettvang atvinnulífs og stjórnvalda um nýsköpunarmál má stuðla að hraðari og vandaðri framgangi umbótaverkefna í starfsskilyrðum atvinnulífs.“¹⁹

2.2.4.3 Ferðapjónusta

2.2.4.3.1 Staða

Ferðapjónusta er sú grein sem vaxið hefur mest um land allt. Í töflu 2 hér að neðan má sjá fjölda gistirýma 2012-2013 eftir landshlutum.²⁰ Fjöldi gistinóttu er þó aðeins einn mælikvarði af mörgum til þess að mæla stöðu ferðapjónustunnar. Vitað er að ferðapjónusta á Vestfjörðum byggir mjög á báta- og gönguferðum, þjónustu við þær, auk komu fjölda farþegaskipa hvert sumar. Í töflunni sést mikil fjölgun gistinóttu á Vestfjörðum. Hluttur Vestfjarða af heildarfjölda gistinóttu á landinu var 4,6% árið 2013, og hafði hækkað um 15,5% frá 2012²⁰, en var 4,3% árið 2014.²¹

Viðhorf ferðamanna á Vestfjörðum voru könnuð árið 2013. Í niðurstöðunum kemur m.a. fram að af þeim sem tóku þátt í könnuninni gistu tæplega 30% á hótelum, ríflega 39% á gistiheimilum og nær 44% á tjaldsvæðum.

Í skýrslunni kemur einnig fram mat ferðamanna á þeirri þjónustu sem veitt er í landshlutanum. Mest ánægja er með ferðamannastaðina sjálfa, sundstaði og veitingastaði en minnst með verslanir og skyndibitastaði.

2.2.4.3.2 Stefna ríkis

Landsskipulagsstefna 2015-2026 fjallar m.a. um ferðapjónustu. Eitt af markmiðum hennar fyrir skipulag í dreifbýli er að ferðapjónusta verði í sátt við náttúru og umhverfi. Samkvæmt stefnunni skal skipulag landnotkunar stuðla að eflingu ferðapjónustu í dreifbýli um leið og gætt verði að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðapjónustu. Í nánari umfjöllun um skipulagsgerð sveitarfélaga segir: „Ferðapjónusta á grunni sérstöðu og umhverfisgæða: Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda viðkomandi svæðis með tilliti til tækifæra í ferðapjónustu. Skipulagsákvæðanir um ferðapjónustu taki mið af náttúruverndarsjónarmiðum og kortlagningu á auðlindum ferðapjónustunnar og miði jafnframt að því að ferðapjónustuuppbygging nýtist jafnt íbúum á svæðinu og ferðamönnum.“

Í Ferðamálaáætlun 2011-2020 eru sett fjögur meginmarkmið, sem iðnaðarráðherra er falið að stefna að:

¹⁹ <http://www.si.is/malaflokkar/nyskopun/stefna-si/>

²⁰ Ferðamálastofa Íslands 2014

²¹ Ferðamálastofa Íslands 2015

- Að auka arðsemi atvinnugreinarinnar.
- Að standa að markvissri uppbyggingu áfangastaða, öflugri vöruþróun og kynningarstarfi til að skapa tækifæri til að lengja ferðamannatímabilið um land allt, minnka árstíðasveiflu og stuðla að betri dreifingu ferðamanna um landið.
- Að auka gæði, fagmennsku, öryggi og umhverfisvitund ferðaþjónustunnar.
- Að skilgreina og viðhalda sérstöðu Íslands sem áfangastaðar ferðamanna, m.a. með öflugum greiningar- og rannsóknarstarfi.

Þessi fjögur meginmarkmið ferðaþjónustunnar hvíla á eftirfarandi, samkvæmt áætluninni:

Innviðir og grunngerð

- Íslensk náttúra er auðlind ferðaþjónustunnar. Mikilvægt er að byggja upp, vernda og viðhalda ferðamannastöðum um allt land. Stjórnvöld og hagsmunaaðilar sameinist um leiðir til að fjármagna slíkar umbætur.
- Uppbygging innviða ferðaþjónustunnar miði að því að vernda náttúru Íslands og ferðamálaáætlun stefni að því að innleiða hugarfar sjálfbærni og ábyrgðar á náttúru og menningu landsins.
- Lagaumhverfi ferðamála taki mið af þeirri áætlun sem hér liggur fyrir.
- Leyfis- og öryggismál í ferðaþjónustu verði tekin til gagnerrar endurskoðunar í samræmi við þær áherslur sem birtast í þessari áætlun.
- Samgöngur eru mikilvægasta forsenda allrar ferðaþjónustu á Íslandi og mikilvægt að við áætlanagerð og framkvæmdir í tengslum við samgöngumál verði tekið tillit til hagsmuna ferðaþjónustunnar.
- Unnin verði viðbragðsáætlun vegna náttúruhamfara fyrir ferðaþjónustuna sem byggist á reynslu af þeim tveimur eldgosum sem valdið hafa töluverðum truflunum á flugi og öðrum samgöngum.

Kannanir, rannsóknir, spár

- Mikilvægt er að stutt sé við þróun ferðaþjónustunnar og uppbyggingu með verulega aukinni áherslu á greiningar, rannsóknir og spár.
- Sjálfstæði rannsókna verði tryggt en Ferðamálastofa hafi yfirsýn yfir og beri ábyrgð á mótun stefnu varðandi framkvæmd og úrvinnslu kannana og að gerðar séu framtíðarspár um þróun greinarinnar í samvinnu við Hagstofu Íslands, háskóla og Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Hagstofa Íslands beri ábyrgð á opinberri hagskýrslugerð í ferðaþjónustu samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum Íslands á sviði hagskýrslugerðar í ferðaþjónustu.
- Í þjóðhagsreikningi liggja alltaf fyrir töluleg gögn um þróun ferðaþjónustunnar frá ári til árs.
- Farnar verði bestu fáanlegar leiðir til að tryggja að gerðar verði samræmdar ítarlegar úttektir á auðlindum og innviðum ferðaþjónustunnar um allt land.

Vöruþróun og nýsköpun

- Vöruþróunarverkefni í ferðaþjónustu verði byggð á klasahugmyndafræði og grundvallist á sérstöðu og stefnumótun svæða.
- Leitað verði nýrra leiða við vöruþróun með klasasamstarfi og tækni- og þekkingaryfirfærslu.

- Stoðkerfi ferðaþjónustunnar verði einfaldað og tryggt að öflugar einingar séu til staðar úti um allt land sem hafa gott faglegt bakland og næga burði til að styðja við þróun áfangastaða, vöruþróun, nýsköpun og markaðssetningu.
- Opinbert fjármagn til vöruþróunar á sviði ferðaþjónustu fari einkum til samstarfsverkefna sem hafi meðal markmiða að lengja ferðamannatímabilið.

Markaðsmál

- Opinbert kynningarstarf tengt ferðaþjónustu taki mið af markmiðum ferðamálaáætlunar.
- Leitað verði nýrra leiða í opinberu kynningarstarfi og einnig til að auka faglegt samstarf opinberra aðila á sviði vöruþróunar og kynningarmála.
- Við mótun samstarfs ferðamálayfirvalda við Íslandsstofu er mikilvægt að sett séu mælanleg markmið og mælikvarðar á árangur.
- Mælikvarðar á árangur í kynningarstarfi eru meðal annars ferðaútgjöld samkvæmt ferðaþjónustureikningum, gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum, dreifing gistinátta yfir árstíðir og landsvæði og fjöldi ferðamanna auk kannana um væntingar og upplifun ferðamanna.

Í Október 2015 kynntu stjórnvöld nýja ferðamálastefnu sem unnin var með Samtökum ferðaþjónustunnar. Þar kemur m.a. fram að næstu fimm árin á fyrst og fremst að leggja áherslu á verkefni sem stuðla að:

- Samhæfðri stýringu ferðamála
- Jákvæðri upplifun ferðamanna
- Áreiðanlegum gögnum
- Náttúruvernd
- Hæfni og gæðum
- Aukinni arðsemi
- Dreifingu ferðamanna

2.2.4.3.3 Stefna sveitarfélaga

Öll sveitarfélög á Vestfjörðum leggja áherslu á að efla ferðaþjónustu. Þannig vilja þau nýta þann vöxt sem einkennt hefur greinina á landsvísi síðustu ár til eflingar svæðisins, bæði með fjölgun starfa og auknum hagvexti.

Nokkur fjölbreytni er í þeim áherslum sveitarfélaganna. Fjallað er um náttúrutengda ferðaþjónustu, menningartengda, sjávar tengda og tækifæri sem felast í auknum komum skemmtiferðaskipa til Vestfjarða.

Aðalskipulagsáætlanir vestfirskra sveitarfélaga eru samhljóma um að uppbygging ferðaþjónustu eigi að byggja á sérstöðu svæðisins, þ.e. náttúru, menningu og sögu. Þau telja mikilvægt að varðveita þessa sérstöðu og þannig styrkja greinina. Rætt er um að hámarka þurfi ávinning íbúa svæðisins og upplifun ferðamanna en að ekki megi ganga á náttúruleg eða menningarsöguleg gæði svæðisins. M.ö.o. að ferðaþjónustan byggist upp í takt við lögmál sjálfbærrar þróunar. Verkefnið umhverfivottun Vestfjarða undirstrikar enn frekar þessa sýn vestfirskra sveitarfélaga. Í því verkefni hafa sveitarfélög á Vestfjörðum samþykkt að skilgreina sig og aðgreina frá öðrum svæðum sem umhverfisvænt og sjálfbært samfélag þar sem áhersla er lögð á að vernda sögu, minjar og landslag fyrir komandi framtíð. Sveitarfélögin hvetja fyrirtæki, íbúa og opinberrar stofnanir á svæðinu að feta sömu braut og þannig auka jákvæð áhrif á markaðssetningu hverskonar afurða er koma frá svæðinu.

Í aðalskipulagsáætlunum er fjallað um tengsl ferðaþjónustu við aðrar greinar og aðra landnotkun. Ferðaþjónusta getur styrkt þær, svo sem landbúnað og þjónustu ýmis konar. Uppbygging innviða gagnast ferðaþjónustu en einnig getur öflug ferðaþjónusta ýtt undir að innviðir byggist hraðar upp en annars væri án greinarinnar. Sveitarfélögin leggja áherslu á að tiltæk séu svæði og lóðir í dreifbýli og þéttbýli fyrir starfsemi sem tengist ferðaþjónustu. Þannig er reynt að styrkja greinina og stuðla að jákvæðri þróun svæðisins.

Sveitarfélög á Vestfjörðum leggja áherslu á kynningu og markaðssetningu. Þau reka í sameiningu Markaðsstofu Vestfjarða sem er deild innan Fjórðungssambands Vestfirðinga. Markaðsstofan sér um kynningu og markaðssetningu Vestfjarða fyrir ferðamenn. Stofan vinnur náið með aðilum í ferðaþjónustu.

2.2.4.3.4 Stefna greinar

Ferðamálasamtök Vestfjarða hafa unnið stefnumörkun fyrir tímabilið 2010-2015. Þar er fjallað um sértöðu Vestfjarða og þrjú þemu nefnd í því samhengi:

- Ósnortin náttúra: Hreinleiki, eyðifirðir, Hornstrandir, Látrabjarg, Dynjandi, náttúruleugar, fuglar og heimskautarefir, eyjarnar í Breiðafirði og friðlönd.
- Einstök friðsæld: Afskekkt, fámenni, rólegheit, víðátta, kyrrð.
- Öðruvísi upplifun: Útivist í ósnortinni náttúru, matarmenning, galdramenning, sjávarþorp, gömul hús, tónlist, afslappað viðmót og gestrisni Vestfirðinga.

Í stefnunni er framtíðarsýn félagsins skilgreind þannig: *Ferðaþjónustan skuli einkennast af gæðum, trausti og gestrisni ferðaþjóna og heimamanna sem styðji undir sérstöðu svæðisins. Vestfirðir verði leiðandi svæði í umhverfismálum og sjálfbærri ferðaþjónustu og skapi sér ímynd og sérstöðu á því sviði.*

Stefna samtakanna er að: *Ferðaþjónusta á Vestfjörðum verði arðbær atvinnugrein og að gæði þeirrar vöru og þjónustu sem í boði er, sem og sérstaða Vestfjarða, réttlæti verðlagningu sem sé hærri en meðal samkeppnissvæða, enda sé samkeppnisforskot Vestfjarða augljóst. Aukin arðsemi greinarinnar og opinber stuðningur við uppbyggingu hennar, laðar að ný fyrirtæki og einstaklinga, þannig að fjölgun verður í heilsársstörfum. Í stefnunni eru eftirfarandi markmið sett:*

- Að auka arðsemi, fagmennsku og gæði í vestfirskri ferðaþjónustu.
- Að auka arðsemi fyrirtækja innan greinarinnar þannig að hún verði mikilvæg atvinnugrein og viðurkennd sem slík.
- Að efla ferðaþjónustu á svæðinu allt árið með markvissri vöruþróun og öflugri markaðssetningu.
- Að auka áherslu á umhverfismál.
- Að gera þátt atvinnugreinarinnar ferðaþjónustu sýnilegri í samfélaginu.

Ferðamálasamtökin ljúka nú um mitt ár 2016, endurskoðun á framangreindri stefnu og kæmi hún inn í áframhaldandi vinnu.

2.2.4.4 Landbúnaður

2.2.4.4.1 Staða

Síðustu ár hefur landbúnaður verið á undanhaldi á Vestfjörðum og framleiðsla frá býlum minnkað umtalsvert. Sláturhús er ekki staðsett á Vestfjörðum og er því búfénaður fluttur burt af svæðinu til slátrunar. Nokkur vöxtur er í framleiðslu afurða á einstaka bæjum en meginhluti

úrvinnslu kjötafurða fer fram utan svæðisins. Ný mjólkurvinnsla tók til starfa í Bolungarvík á árinu 2014 en mjólkurvinnsla var hætt á Ísafirði um mitt ár 2011. Bændum á svæðinu hefur fækkað umtalsvert á Vestfjörðum meðal annars vegna framleiðslustýringar en þó er landbúnaður hluti af undirstöðvum atvinnulífs í nokkrum sveitarfélögum á svæðinu. Landbúnaður hefur síðustu áratugina breyst mikið á Íslandi og hafa ýmsar ólíkar greinar þróast í átt að landbúnaði og tilheyra honum núna. Má þar til dæmis nefna, hrossarækt, ferðaþjónusta, fiskeldi, garðyrkju og skógrækt.

2.2.4.4.2 *Stefna ríkis*

Íslenska ríkið hefur sýnt að vilji sé til að halda uppi íslenskum landbúnaði með því að greiða styrki til bænda úr ríkissjóði og með tollavernd. Í febrúar 2016 voru nýir búvörusamningar undirritaðir í atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu. Tekur sá samningur m.a til starfskilyrða nautgriparræktar og sauðfjárræktar. Markmiðið með þessum samningi samkvæmt upplýsingum frá Bændasamtökum Íslands er að auka verðmætasköpun í landbúnaði og nýta sem best tækifærin sem felast í sveitum landsins í þágu bænda, neytenda og samfélagsins alls.²²

2.2.4.4.3 *Stefna sveitarfélaga*

Sveitarfélögin á Vestfjörðum þurfa að stuðla að öflugu og fjölbreyttu atvinnulífi og er landbúnaður enn einn af undirstöðum atvinnulífs í mörgum sveitarfélögum á svæðinu. Það kemur því skýrt fram í öllum aðalskipulögum sveitarfélaganna að viðhalda þurfi þeim landbúnaði sem er til staðar á svæðinu og efla hann ef hægt er.

2.2.4.4.4 *Stefna greinar*

Stefna greinar fer vel saman við stefnu stjórnvalda enda hafa samningar verið í gildi á milli ríkis og Bændasamtaka Íslands. Markmið þeirra er að landbúnaðurinn verði styrk stoð atvinnu í dreifbýli, kjör bænda séu í samræmi við kjör annarra stétta og að stuðlað sé að aukinni hagkvæmni og framförum, neytendum og bændum til heilla.²³

2.2.5 **Innviðir**

2.2.5.1 *Samgöngur*

2.2.5.1.1 *Staða*

Greining á stöðu samgangna á Vestfjörðum er skipt upp í fjóra flokka sem eru flugvellir, stofnvegir, hafnir og almenningsamgöngur. Ekki er tekin saman staða reiðleiða á Vestfjörðum í þessu verkefni.

Þrjú áætlunarflugvellir eru skilgreindir á Vestfjörðum skv. samgönguáætlun 2011-2022, þ.e. á Gjögri, Bíldudal, og Ísafirði. Við Þingeyri er varaflugvöllur fyrir Ísafjörð en notkun hans er takmörkuð vegna skemmda á flugbrautinni. Áætlunarflug milli Reykjavíkur og Vestfjarða er mismunandi eftir flugvöllum.²⁴

²²Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (2016)

²³ Bændasamtök Íslands, 2013

²⁴ Byggðastofnun, 2015

Stofnvegur á Vestfjörðum er Vestfjarðavegur um Hjalla-, Ódrjúgs- og Klettsháls, Vatnsfjörð og Dynjandis- og Hrafnseyrarheiði til Ísafjarðar og Djúpvegur um Djúp, yfir Steingrímsfjarðarheiði og Þröskulda. Þá er stofnvegur um sunnanverðar Strandir úr Steingrímsfirði að Þjóðvegi nr. 1 í Hrutafirði og hringurinn úr Vatnsfirði um Patreksfjörð, Tálknafjörð og Bíldudal upp á heiði úr Trostansfirði. Stofnvegir á Vestfjörðum eru með bundnu slitlagi nema á milli Vatnsfjarðar og Dýrafjarðar og á einum vegarkafli í Gufudalssveit og þremur á Ströndum. Einnig frá Bíldudal að Vestfjarðavegi.²⁴

Á Vestfjörðum eru fimm hafnir í grunnneti samgöngukerfisins; á Ísafirði, í Bolungarvík og á Patreksfirði. Höfn á Brjánslæk er í grunnneti vegna ferjusiglinga um Breiðafjörð. Bátahafnir eru á öðrum þéttbýlisstöðum og af þeim er höfnin á Bíldudal í grunnneti. Þó er t.d. smábátahöfn á Drangnesi. Engin stór flutningahöfn er á Vestfjörðum.²⁴

Fjórðungssamband Vestfjarða er aðili að samningi samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi og Norðurlandi vestra og eystra um almenningsamgöngur á landi og samræmt leiða- og ferðakerfi milli Reykjavíkur og þéttbýlisstaða í þessum landshlutum, þannig að það nær til Króksfjarðarnes, Hólmavíkur og um ferjuhöfn í Stykkishólmi til Brjánslækjar. Annars staðar á Vestfjörðum eru almenningsamgöngur byggðar á áætlunarflugi með ferðum milli Bíldudals og Patreksfjarðar um Tálknafjörð og milli Ísafjarðar, Bolungarvíkur og Súðavíkur á vegum FV. Að auki eru strætisvagnaferðir á vegum Ísafjarðarbæjar innan sveitarfélagsins. Strætisvagnar keyra þrisvar á dag milli Ísafjarðar, Suðureyrar, Flateyrar og Þingeyrar.²⁴

2.2.5.1.2 Stefna ríkis

Í tillögu að landsskipulagsstefnu Íslands er fjallað um meginstefnu varðandi samgöngur. Stefnan er að skipulag byggðar og landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggð og samgöngur með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreytta ferðamáta. Í stefnunni má finna ákveðnar áherslur og m.a. er ætlast til þess að skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að greiðum samgöngum innan skilgreindra vinnusóknar- og þjónustusvæða meginkjarna, með styrkingu byggðar að leiðarljósi.

Gildandi samgönguáætlun 2011-2022 gefur upp grunnnet samgangna (flug, hafnir og stofnvegi). Unnið er að nýrri samgönguáætlun 2015-2026 en meginmarkmið hennar er að samgöngur skuli vera greiðar, hagkvæmar, öruggar, umhverfislega sjálfbærar og að þær stuðli að jákvæðri byggðapróun. Í nýju áætluninni er lagt til að skilgreindir verði atvinnu- og þjónustukjarnar landsins í sóknaráætlunum landshluta og landsskipulagsstefnu. Aðgengi og hreyfanleiki í samgöngukerfinu fyrir flutninga á fólki og vörum innan og á milli svæða verði bætt. Skilgreindar verði hafnir og flugvellir sem tryggja eiga greiðar samgöngur til og frá landinu. Samgönguyfirvöld fylgist áfram náið með þróun á þjóðhagslegri hagkvæmni land- og strandflutninga. Áfram verður leitast við að færa sem mest af flutningum af vegum á sjó. Hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgöngukerfisins verður aukin. Dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Stefnt verði markvisst að því að auka öryggi í samgöngum og unnið að því á gildistíma áætlunarinnar að draga verulega úr líkum á alvarlegum slysum eða banaslysum. Í samræmi við sóknaráætlun og svæðaskiptingu landsins verði við forgangsriðun framkvæmda tekið mið af þörfum einstakra svæða fyrir bættar samgöngur til að efla sveitarfélög, styrkja hvert svæði og landið allt. Markmiðið er að samþætta samgönguáætlun við aðra áætlanagerð og opinbera stefnumótun. Á Vestfjörðum eru þrjú aðskilin svæði og fjarlægð milli byggðakjarna það mikil að ekki er hægt gera úr því eitt atvinnusóknarsvæði með samgöngubótum. Umhverfis Ísafjörð er 5000 íbúa atvinnu- og þjónustusvæði í fimm þéttbýliskjörnum og hafa framkvæmdir miðast við að gera samgöngur innan svæðis sem bestar og styrkja það sem atvinnu- og skólasóknarsvæði. Flogið er daglega frá Ísafirði. Á sunnanverðum Vestfjörðum búa 1200 íbúar í Vesturbyggð og á Tálknafirði í þremur byggðakjörnum. Mikilvægt er að styrkja samgöngur innan þessa svæðis. Áætlunarflug á Bíldudal og Breiðafjarðarferjan eru mikilvægir samgöngukostir fyrir svæðið auk þess sem unnið hefur verið að vegabótum á Vestfjarðavegi 60, en þar sem eftir standa framkvæmdir í Gufudalssveit. Samkvæmt samgönguáætlun er

stefnt að því að gera stórátak í samgöngumálum með það að markmiði að Vestfirðir verði betur tengdir innbyrðis. Þar er horft til Dýrafjarðarganga og nýs vegar um Dynjandisheiði með tilliti til tengingar milli vinnusóknarsvæða á sunnan og norðanverðum Vestfjörðum. Þó verður að telja að þrátt fyrir miklar samgöngubætur fulllög til að styrkja vinnusókn milli svæðanna en munu eflaust styrkja þjónustu.²⁵ Endurbætur á Vestfjarðavegi 60 um Gufudalssveit munu stytta leið á milli sunnanverðra Vestfjarða og Reykhólahrepps og Stranda. Styttning er hinsvegar ekki nægjanleg til þess að mynda eitt vinnusóknarsvæði en hinsvegar má telja að meginaksturleið frá norðanverðum Vestfjörðum færir af Djúpvegi nr 61 yfir á Vestfjarðaveg 60. Strandir og Reykhólahreppur mynda þjónustusvæði með um 900 íbúa ekki er þó um heildsætt atvinnusvæði vegna of lítillar vetrarþjónustu á vegi um Þróskulda. Á Ströndum er á áætlun að endurbæta vegi norður í Árneshrepp, óljóst er hvort framkvæmdum verði lokið árið 2020. Endurbætur á Innstrandavegi nr 65 hafa ekki verið tímasettar en þær myndu efla ferðaþjónustu á þessu svæði.

Þingsályktun um stefnumótandi Byggðaáætlun fyrir árin 2014-2017 fjallar um helstu markmið bætttra samgangna sem eiga við um Vestfirði. Meginmarkmið er að vegfarendur komist leiðar sinnar innan og milli atvinnu- og þjónustusvæða á ódýran, fljótlegan og öruggan hátt. Í samgönguáætlun 2015–2018 verði lögð áhersla á að stækka núverandi atvinnu- og þjónustusvæði, auka umferðaröryggi og draga úr ferðatíma. Sérstök áhersla verði lögð á framkvæmdir á Vestfjörðum og Austurlandi. Einnig verði litið til mikilvægis ferðaþjónustunnar og tryggt að vegir haldist greiðfærir allt árið. Gerð verði áætlun um samgöngubætur og viðhald vegna mikilvægra ferðamannastaða.

2.2.5.1.3 Stefna sveitarfélaga

Í þessum kafla er farið yfir Sóknaráætlun og aðalskipulagsáætlanir sveitarfélag á Vestfjörðum. Við yfirferð aðalskipulagsáætlana er aðeins dregin út stefna eða markmið sem tengist Vestfjörðum sem heild en ekki einstökum sveitarfélögum.

Samkvæmt sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019 og samgönguáætlun 2015-2018 munu langþráðar samgönguframkvæmdir fara í gang eins og Vestfjarðavegur um Gufudalssveit, Dýrafjarðargöng, Dynjandaheiði og Strandavegur norður í Árneshrepp. Vænta má að síðustu áfangar í hringvegi um Vestfirði verði að mestu lokið árið 2020 óljóst er þó með framkvæmdir á vegi í Árneshrepp. Hringvegur sem tengir atvinnu- og þjónustusvæði innan Vestfjarða auk þess að skapa ný tækifæri s.s. í ferðaþjónustu og fiskeldi. Með endurbyggingu vegar um Veiðileysuháls er síðan stigið mikilvægt skref til að rjúfa vetrareinangrun íbúa í Árneshreppi en þá yrðu eftir endurbætur á vegi við norðanverðan Reykjafjörð.²⁶

Í byggðaáætlun kemur fram að ítrekað hafi þessum framkvæmdum verið frestað. Því krefjast sveitarfélög á Vestfjörðum að þessum verkefnum verði flýtt innan tímabilsins, slíkt yrði í takt við markmið Byggðaáætlunar 2014-2017. Fram kemur í byggðaáætlun að ósamræmi sé á milli byggðaáætlunar og samgönguáætlunar um áætlanir fyrir hafnir og almenningssamgöngur. Skv. sóknaráætlun er ekki talið að nægilegur stuðningur né fjármagn sé sett í þessa liði. Fjármagn er hinsvegar aukið eftir mikinn niðurskurð í viðhaldi og nýframkvæmdum á áætlunarflugvöllum en hætta var á að flugvöllum yrði lokað. Áætlunarflug er lykilkþáttur fyrir atvinnulíf og samfélag á Vestfjörðum fyrir þjónustusókn og viðskipti.

Eitt veigamesta sameiginlega hagsmunamál Vestfjarða er frekari uppbygging á vegakerfinu til að tryggja skilvirkar og öruggar samgöngur. Samhljómur er í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaganna um að samgöngur verði ávallt eins og best verður á kosið. Meðal annars kemur fram í stefnu sveitarfélaganna að aukinn samgangur á milli svæða kallar á aukna þjónustu og eykur þannig þróunarmöguleika atvinnulífsins á Vestfjörðum. Mikill samhljómur er

²⁵ Alþingi, Samgönguráð, 2015

²⁶ Sóknaráætlun

í áætluninum að tengja saman byggðir á Vestfjörðum og bæta samgöngur til annarra landshluta sem og annarra landa. Vestfirðir leggja áherslu á langtímalausnir í samgöngumálum. Það er einnig talið mikilvægt að íbúar hafi val um samgöngumáta. Þess vegna er það stefna Vestfjarða að flugsamgöngur verði bættar og að sjúkraflug verði öruggt og áreiðanlegt. Mikilvægt er talið að koma á vöruflutningum á sjó til að bæta samkeppnisstöðu svæðisins og minnka álag á vegakerfið. Því leggja þau sveitarfélög sem hafa hafnir áherslu á að hafnir séu styrktar.

2.2.5.2 Veitur

2.2.5.2.1 Staða

Landsnet rekur stofnlínukerfi ásamt Orkubú Vestfjarða, en Orkubúið rekur síðan dreifikerfi raforku á Vestfjörðum. Orkubú Vestfjarða og hitaveita Drangsness eru þær hitaveitur sem starfa á Vestfjörðum, þær eru með einkaleyfi. Byggðastofnun fékk Orkustofnun til að taka út kostnað vegna húshitunar og raforkunotkunar. Þeir fjórir þéttbýlisstaðir á Vestfjörðum sem voru með í úttektinni voru með sjötta til ellefta hæsta orkukostnað viðmiðunarfasteignar af þeim þéttbýlisstöðum sem voru með í úttektinni. Hæstur var kostnaðurinn á Hólmavík en þar er rafmagn notað til húshitunar.²⁷

2.2.5.2.2 Stefna ríkis

Hér eru nefndar stefnur og áætlanir ríkisins varðandi veitur. Tekið skal fram að jafnframt gilda lög og reglugerðir um þennan tiltekna málaflokk eins og um fráveitur og vatn.

Samkvæmt Landsskipulagsstefnu 2015 – 2026 er tekið fram að við skipulagsgerð sveitarfélaga skuli tekin afstaða til möguleika á orkuframleiðslu með vatnsafli, jarðvarma og vindorku og að áhersla skuli vera á að slíkt sé gert í sátt við náttúru og samfélag. Í stefnunni kemur fram að skipulagsgerð sveitarfélaga gegni stóru hlutverki við endurnýjun og uppbyggingu flutningskerfis raforku. Það er nauðsynlegur þáttur að tryggja örugga afhendingu raforku til að tryggja samkeppnishæfni byggðarlaga.

Samkvæmt gildandi rammaáætlun er Hvalárvirkjun í orkunýtingarflokki. Í drögum að lokaskýrslu verkefnastjórnar rammaáætlunar sem er í umsagnarferli til 3. ágúst 2016 var Austurgilsvirkjun sett í orkunýtingarflokki. Fram kemur að virkjunin sé sett í þann flokk með fyrirvara um að ákvörðunin verði endurskoðuð í ágúst 2016 að loknu umsagnarferli þar sem búið verður að fara yfir öll viðbótargögn sem hafa borist²⁸. Í biðflokki innan Vestfjarða eru Glámuvirikjun og Skúfnavatnavirkjun en báðar eru vatnsaflsvirkjanir. Í skýrslunni *Afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum* kemur fram í helstu tillögum starfshópsins að Glámuvirikjun í núverandi mynd verði ekki tekin fyrir í rammaáætlun vegna áhrifa á friðun í Vatnsfirði. Vatnsfirður var friðaður árið 1975. Engin kostur innan Vestfjarða er skilgreindur í verndarflokki í gildandi rammaáætlun.

Hvalárvirkjun er í vinnslu. Í byrjun árs 2016 var haldinn fundur um orkumál á Vestfjörðum. Þar kom fram að mögulegt er að nýr tengipunktur verði byggður upp í innst í Ísfjarðardjúpi. Staðsetningin stytir til muna flutningsleiðina og gefur auk þess fjölmörg tækifæri fyrir fyrirtæki á Vestfjörðum að nýta þessa orku. Orkuvinnslan er hluti af því að skapa hringtengingu á Vestfjörðum.

Sérstaklega er fjallað um Vestfirði í drögum að Kerfisáætlun Landsnets. Í drögunum kemur fram að mikið hefur verið fjallað um tengingu Vestfjarða við meginflutningskerfið á síðustu áratugum og það takmarkaða afhendingaröryggi sem Vestfirðir hafa búið við. Framkvæmdir sem tryggja eiga betra afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum eru taldar mjög kostnaðarsamar. Sérstakur starfshópur hefur verið skipaður til að fara yfir mögulegar aðgerðir/framkvæmdir, en hér að neðan er stutt samantekt úr niðurstöðum hópsins. Framkvæmdir eins og nýtt tengivirki í Bolungarvík og stór varaafsstöð í eigu Landsnets eru

²⁷ Byggðastofnun, 2015

²⁸ Verkefnisstjórn, 2016

meðal framkvæmda sem þegar hefur verið ráðist í. Þessar framkvæmdir eru mun kostnaðarminni en aðrar framkvæmdir í meginflutningskerfinu. Til álita hafa komið minni framkvæmdir sem styrkja kerfið innan svæðis eins og styrkingar innan svæðis í 66 og 33 kW svæðisflutningskerfinu á Vestfjörðum og styrking á Tálknafjarðarlínu 1 milli Mjólkár og Keldeyrar.²⁹

Hlutverk starfshópsins sem nefndur var hér að ofan var að meta leiðir til að bæta raforkuöryggi á Vestfjörðum. Samfélagslegur kostnaður vegna ótryggrar orkuafhendingar var metin á um 400 milljónir á ári skv. skýrslu hópsins. Starfshópurinn lagði fram ákveðin verkefni/áherslur, sem dæmi má nefna; samræming vegagerðar og strenglagna vegna raforkuflutnings og dreifingu, Glámuvirikjun verði ekki tekin fyrir í rammaáætlun, greina frekar möguleika á uppsetningu lághitavirkjana á svæðum sem eru með yfir 100° C hita o.fl. Starfshópurinn lagði til að fastur samstarfshópur yrði settur á fót til að fylgja þessum tillögum. Talið er mikilvægt að vinna áfram að þeim möguleikum sem lagðir voru fram í skýrslu nefndarinnar 2013 eins og spennuhækkun og styrking 33 kW loftlínu í 66 kW, lagning nýrra jarðstrengja, varaafli á Keldeyri, bætt nýting raforkuvirkjana (snjallnet) og aukin framleiðsla innan svæðis.

Í Byggðááætlun 2014-2017 kemur fram að markmið áætlunarinnar sé að framleiðsla og dreifing raforku skuli mæta þörfum atvinnulífs og almennings alls staðar á landinu hvað varðar flutningsgetu og afhendingaröryggi. Mikilvægt markmið fyrir Vestfirði er að jafna milli landshluta kostnað við dreifingu og flutning raforku.

2.2.5.2.3 Stefna sveitarfélaga

Í þessum kafla er farið yfir Sóknaráætlun, aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga ásamt þeim skýrslum sem liggja fyrir um veitur á Vestfjörðum.

Samkvæmt sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019 er talið mikilvægt að jöfnuður sé í raforkukostnaði milli dreifbýlis og þéttbýlis, eins milli heitra og kaldra svæða.

Í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga er misjafnlega mikið mótuð stefna varðandi veitur. Oftast eru veitur flokkaðar sem vatns-, hita- og rafveita ásamt fjarskiptum. Fjallað er um þrjár fyrstu í þessum kafla. Í kafla 2.2.5.4 er að finna upplýsingar um fjarskipti.

Samhljómur er í áætlunum sveitarfélaga varðandi vatn. Megin markmiðið er að tryggja íbúum nægt ómengað og heilnæmt vatn til neyslu eða annarra nytja. Í mörgum aðalskipulagsáætlunum kemur fram að mikið er af vatnsbólum í dreifbýli, innan einstakra jarða, þar hefur vatn verið gott og lítið mengað.

Varðandi raforku og hitaveitu er mikill samhljómur í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaganna. Sumstaðar á Vestfjörðum er hitun húsa með rafmagni, sem er kostnaðarsamt fyrir íbúa. Meginstefna fyrir raforku er að tryggja afhendingaröryggi raforku, draga verulega úr straumleysi og að hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa verði sem hæst. Leiðirnar til þess að ná þessum markmiðum eru að styrkja núverandi kerfi og mörg sveitarfélög setja markmið um að koma á þrífösun rafmagns í dreifbýli. Raflínur verði að jafnaði lagðar í jörðu þar sem því verður við komið til að draga úr veðurskemmdum.

2.2.5.3 Úrgangsmál

2.2.5.3.1 Staða

Sveitarfélög bera skv. lögum nr. 55/2003 ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og skulu sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu. Sorpförgun er dæmi um málaflokk sem samvinna er um meðal sveitarfélaga. Kröfur

²⁹ Landsnet, 2015

um ýmsa þætti umhverfismála eru sífellt að aukast og mikilvægt er að leitað sé hagkvæmustu leiða.

2.2.5.3.2 Stefna ríkis

Í Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024 kemur fram að stefna íslenskra stjórnvalda í úrgangsmálum endurspeglar að miklu leyti í lögum og reglugerðum sem gilda um málaflokkinn. Stefnan byggir lögbundnum markmiðum skv. rammatilskipun um úrgang sem ekki verða talin upp hér. Önnur markmið sem til greina koma eru lágmarkun úrgangs sem fellst í því að draga markvisst úr úrgangsmýndun, úrgangsforvarnir, aukin endurvinnsla og hráefnavinnsla og að fyrir 1. janúar 2015 verði komið á sérstakri söfnun fyrir hvert heimili og í nánd við lögbýli og sumarbústaðahverfi, en þetta er ekki tæmandi upptalning.

Lítið er fjallað um úrgangsmál í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 en þar er þó sagt að „við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði.“ Einnig: „Huga þarf að nýjum leiðum varðandi úrgangsmeðhöndlun og nýtni við auðlindanotkun.“

2.2.5.3.3 Stefna sveitarfélaga

Ekki er rætt um úrgangsmál í Byggyðaaætlun né Sóknaráætlun Vestfjarða.

Í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaganna er að finna umfjöllun um úrgangsmál. Sum sveitarfélög setja sér mælanleg markmið líkt og Kaldrananeshreppur sem stefndi að því að urðun lífræns úrgangs hafi minnkað um 25% fyrir árslok 2012. Flest sveitarfélögin ræða um að finna hagkvæmar lausnir á sorpeyðingarmálum. Ekki er sorpförgunarsvæði innan allra sveitarfélagana og má t.d. nefna fyrirkomulagið sem er í Vesturbyggð og á norðanverðum Vestfjörðum þar sem sorp er flokkað og flutt í Fíflholt á Mýrum. Sorpsamslag Strandssýslu sem rekið er af sveitarfélögunum þremur á Ströndum er með urðunarstað í Skeljavík við Steingrímsfjörð, en leyfilegt árlegt urðunarmagn þar er takmarkað og haldið í lágmarki með öflugri flokkun íbúa og fyrirtækja.

Flest sveitarfélögin setja stefnu um að draga úr myndun úrgangs og áhersla lögð á að meðhöndlun hans valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið. Einnig er stefnt að aukinni fræðslu almennings um hvernig hægt er að lágmarka myndun úrgangs og þeim gert auðveldara að flokka sorp.

2.2.5.4 Fjarskipti

2.2.5.4.1 Staða

Fjarskiptasamband á Vestfjörðum hefur verið lakara en á mörgum öðrum landsvæðum. GSM-samband hefur verið óstöðugt og afhendingaröryggi nettenginga verið óviðunandi. Líklegt er að þetta hafi haft neikvæð áhrif á samkeppnisstöðu sveitarfélaga gagnvart uppbyggingu atvinnulífs, nýsköpun og möguleikum til menntunar. Undanfarið hefur þó verið unnið talsvert í því að auka útbreiðslusvæði GSM-senda. Stjórnvöld vinna einnig að uppbyggingu háhraðatenginga.³⁰

³⁰ Aðalskipulag Bolungarvíkur

2.2.5.4.2 Stefna ríkis

Í landsskipulagsstefnu er lögð áhersla á að skipulagsáætlanir gefi kost á uppbyggingu traustra fjarskipta, en jafnframt að við staðarval og útfærslu fjarskiptamannvirkja sé sérstaklega gætt að því að þau valdi sem minnstu raski og hafi sem minnst sjónræn áhrif.

Í fjögurra ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2014 er gert ráð fyrir að vinna að verkefnum sem falla undir fjögur meginmarkmið fjarskiptaáætlunar til tólf ára. Meginmarkmiðin eru; aðgengileg og greið fjarskipti, hagkvæm og skilvirk fjarskipti, örugg fjarskipti og umhverfisvæn fjarskipti. Undir þessum meginmarkmiðum eru skilgreind verkefni svo sem: skilgreindur verði markaðsbrestur í fjarskiptum og leiðir stjórnvalda til úrbóta, fjarskiptasjóður vinni stöðumat, þarfagreiningu og forgangsröðun núverandi og mögulegra verkefna, úttekt verði gerð á tækni og verði nettenginga opinberra stofnana utan helstu þéttbýlissvæða, mikilvægir fjarskiptainnvíðir verði skilgreindir og kortlagðir o.s.frv.

Verkefnið Ísland ljóstengt er ætlað til uppbyggingar ljósleiðarkerfa með átaksverkefni á tímabilinu 2015-2020. Verkefninu er ætlað að stuðla að því að innan fárra ára hafi 99,9% heimila og fyrirtækja á landinu aðgang að 100 Mb/s þráðbundinni nettengingu. Stjórnvöld telja þörf á uppbyggingu ljósleiðarkerfa sem er utan þéttbýlis til að ná því markmiði. Á árinu 2016 voru settar 450 m. kr. af fjárveitingu fjarskiptasjóðs til að styrkja verkefnið. Verkefnið er styrktarverkefni og er úthlutað á árinu 2016 úr sjóðnum til 14 sveitarfélaga, Súðavíkurbúskapur fékk eitt sveitarfélag á Vestfjörðum styrk úr sjóðnum.³¹ Stefnt er að næstu úthlutun á árinu 2017.

2.2.5.4.3 Stefna sveitarfélaga

Í sóknaráætlun kemur fram að mikilvægt sé að uppbygging öflugsgagnanets verði hraðað á Vestfjörðum svo svæðið verði samkeppnishæft við aðra landshluta er varðar atvinnulíf og þjónustu.

Flestar aðalskipulagsáætlanir hafa markmið um að heimili, menntastofnanir, ríkisstofnanir og atvinnulífið verði tengd háhraðaneti sem fyrst. Uppbygging fjarskipta á Vestfjörðum stuðli að aukinni þjónustu við íbúa og styrki atvinnustarfsemi á svæðinu.

2.3 Samráð við hagsmunaaðila

Mikilvægur þáttur verkefnisins var samráð við aðila úr atvinnulífinu og félagssamtökum. Markmið samráðsins var að fá vitneskju um stöðu og gang mála í atvinnulífinu og hjá félagssamtökum við núverandi aðstæður, hvert viðhorf þessara aðila er til fyrirhugaðra uppbygginga innviða og að spyrja hvort atvinnulífið sjái einhver tækifæri sem gætu skapast í kjölfarið. Í þessu verkefni var ekki ætlunin að draga alla hagsmunaaðila að borðinu líkt og gert verður ef ákveðið er að fara í frekari stefnumótun. Á þessum tímapunkti var samráðið hugsað sem upplýsingagjöf fyrir Fjórðungssambandið og sveitarfélögin til að átta sig betur á hvort atvinnulífið sæi hag af sameiginlegri stefnumótun Vestfjarða.

Samráðsfundirnir voru fjórir, á Patreksfirði, Hólmavík og Ísafirði dagana 8.-10. mars 2016. Einn aukafundur var boðaður fyrir fulltrúa fiskeldis þar sem þessir fulltrúar náðu ekki að mæta á hina fundina. Boðaðir voru fulltrúar frá eftirtöldum geirum:

- Ferðaþjónusta
- Sjávarútvegur og fiskeldi,
- Iðnaður, verslun og nýsköpun
- Landbúnaður
- Opinberir aðilar

³¹ Fjarskiptasjóður, 2016

- Menning og íþróttir

Alls voru 70 aðilar boðaðir á þessa þrjá fundi en af þeim mættu 33. Hér í næstu köflum verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum samráðsins eftir flokkum og út frá spurningunum sem lagðar voru fyrir þá. Fundargerðir samráðsfundanna er að finna í viðauka hér aftast í skýrslunni. Í fundarboði til samráðsaðilanna fylgdu eftirfarandi spurningar sem lagðar voru fyrir þátttakendur á samráðsfundunum.

- 1) Hafa einhverjar hömlur verið á rekstri þíns fyrirtækis/félags/stofnunar vegna staðsetningar þess/hennar á Vestfjörðum og/eða þeirra innviða sem þar eru til staðar?
- 2) Hvaða sérstöðu hafa Vestfirðir upp á að bjóða fyrir þitt fyrirtæki/félag/stofnun?
- 3) Eru fyrirsjáanlegar hindranir í rekstri þíns fyrirtækis/félags/stofnunar eftir að fyrirhugaðri uppbyggingu innviða lýkur árið 2019? Ef svo er, hvaða hindranir?
- 4) Hvaða tækifæri sér þitt fyrirtæki/félag/stofnun að opnast í tengslum við starfsemi ykkar eftir að breytingar verða á landssamgöngum og gagnaveitumálum á Vestfjörðum? (ef fyrirtækið/félagið/stofnunin sér engin tækifæri þá þarf ekki að svara lið a. hér að neðan)
 - a) Hefur þitt fyrirtæki/félag/stofnun mótað stefnu til að nýta þau tækifæri sem skapast með fyrirhugaðri uppbyggingu innviða? Stendur til að móta slíka stefnu?
- 5) Er samhljómur á milli þeirrar stefnu sem mörkuð hefur verið fyrir þitt fyrirtæki/félag/stofnun og þeirrar stefnu sem sveitarfélög og önnur fyrirtæki á Vestfjörðum hafa markað sér? Ef svo er, hvernig lýsir hann sér?
- 6) Hvaða viðfangsefni telur þú mikilvægt að verði til umfjöllunar í sameiginlegri stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum?

2.3.1 Sjávarútvegur og eldi

Á öllum þremur fundunum voru fulltrúar sjávarútvegsfyrirtækja en aðeins einn fulltrúi fiskeldis mætti og var það á Ísafirði. Fundað var sérstaklega með aðilum í fiskeldi á Vestfjörðum þann 12.4. 2016 þar sem ráðgjafar og FV töldu mikilvægt að fá atvinnugrein í örum vexti gæti komið sinni sýn á framfæri.

Fyrirtæki í sjávarútvegi og eldi reiða sig að miklu leyti á landflutninga og geta því verið miklar hömlur á rekstri fyrirtækja ef landsamgöngur eru ekki greiðfærar. Umræða um lélegar samgöngur voru áberandi á Patreksfirði og Ísafirði en minna rætt um þetta á Hólmavík. Á Hólmavík var þó bent á erfiðar samgöngur í Árneshrepp.

Bent var á að þó svo að stóru samgönguúrbæturnar yrðu að veruleika, eins og Dýrafjarðargöng, þá væru innansveitarvegir orðnir lélegir fyrir þungaflutninga og að auka þyrfti vetrarþjónustuna. Viðhald og bætt vetrarþjónusta skv. fundarmönnum verður að koma í kjölfarið til þess að hægt sé að nýta þau tækifæri sem skapast við innviðaúrbæturnar. Á Patreksfirði kom fram að samgönguþjónustan haldist ekki í hendur við þá miklu aukningu á fiski sem fluttur er landleiðina vegna fiskeldis. Samgöngur í Árneshrepp hamla sjávarútvegi, því erfitt er að koma grásleppu frá Norðurfirði til Drangness. Bent var á mikilvægi strandsiglinga og að nauðsynlegt væri að taka ákvarðanir um hvar eigi að byggja upp og halda við góðum höfnum (á Patreksfirði eða Tálknafirði). Siglingar á sunnanverðum Vestfjörðum skipta miklu máli fyrir flutningsleiðirnar og það er nauðsynlegt að koma þeim betur í gang.

Bent var á að mjög mikill kostnaður félli á atvinnulíf og íbúa á hverju ári á Vestfjörðum vegna lélegs afhendingaröryggis raforku sem hefur áhrif á rekstrarumhverfið. Góð fjarskipti opna ýmsa möguleika. Hægt verður að sjá um markaðssetningu og sölu fisks á Vestfjörðum en í dag fer þessi vinna fram í Reykjavík þar sem góð nettenging er til staðar og þar af leiðandi

bein tenging við erlenda markaði. Stöðug nettenging skapar því mikil tækifæri í rekstri í sjávarútvegi en góð fjarskipti hafa einnig áhrif á lífsgæði starfsmanna í sjávarútveginum og teljast þau sem grunnstoð innviða.

Landfræðilegir kostir Vestfjarða eru miklir fyrir sjávarútveginn t.d. er stutt á miðin, firðirnir eru góðir og skerjalausir og aðgengi að höfnum gott. Veðrið hefur líka áhrif og í slæmu veðri eru ákveðnir kostir eins og frostið sem sóttþreinsar. Við Vestfirði eru hagstæðir hafstraumar sem hjálpa mikið.

Fiskeldisfyrirtækin sjá mikil tækifæri í opnuninni milli norðanverðra og sunnanverða Vestfjarða með auknum umsvifum eldis á svæðunum. Helst ber að nefna tækifæri í uppbyggingu miðlægrar þjónustu fyrir fyrirtækin eins og köfunarþjónustu, framleiðslu á umbúðum og nótaþvottastöð. Þjónustufyrirtæki verði þá að móta sér framtíðarstefnu og horfa til stækkunar á atvinnusvæðinu og aukinnar framleiðslu. Vestfirðir eru landfræðilega einnig afar góður kostur fyrir eldi, góðir firðir og vatnsgæði mikil.

Aðilar í fiskeldi og sjávarútvegi hafa ekki markað sér stefnu m.t.t. þessara umræddu breytinga á innviðum, sbr. spurningar. Aðeins eitt fyrirtæki var farið að skoða hvaða áhrif breytingarnar gætu haft á starfsemi þess. Aðilar voru sammála um að samtal milli sjávarútvegs og sveitarfélaga væri gott en snérust meira um úrlausnarmál á degi hverjum en langtímastefnu. Bent var á að stjórnvöldin í dag væri mest hjá ríkinu og sveitarfélögin væru nokkurs konar afgreiðslustofnanir sem hefðu mikið á sínum herðum. Nefnt var að starfsmenn og kjörnir fulltrúar sveitarfélaga töluðu ekki lengur í þágu fyrirtækja, heldur gerðu fyrirtækin það sjálf. Með þessu var átt við að ekki væri lengur eins mikil þörf á beinni tengingu við sveitarfélagið en slíkt væri ekki endilega gott þar sem borið hefur á því að ríkið fari fram hjá sveitarfélögum við ákvarðanatökur.

Fundarmenn töldu almennt um að Vestfirðir hafi mikla sérstöðu fyrir fiskeldi og sjávarútveginn sem gefur fyrirtækjum á svæðinu mörg tækifæri. Þessi sértaða er dýrmæt og er hornsteinn atvinnulífsins á Vestfjörðum.

2.3.2 Opinberir aðilar, iþróttir og menning

Opinberir aðilar þurfa að uppfylla ákveðnar skyldur í samræmi við viðeigandi lög og reglugerðir, því áttu sumar spurningar ekki við opinbera aðila nema að litlu leyti.

Hömlur í opinberum rekstri tengjast fyrst og fremst lélegum samgöngum og fjarskiptum, einkum á sunnanverðum og norðanverðum Vestfjörðum. Skipuleggja þarf vinnutilhögun yfir vetrarmánuðina m.t.t. samgangna. Léleg fjarskipti eru afar hamlandi fyrir opinberar stofnanir. Sem dæmi þá getur Heilbrigðisstofnunin á Patreksfirði ekki tengst heilsugáttinni með sama hætti og stofnanir í Reykjavík og víðar. Bent var á að mæla þurfi gagnaflutning í raun því uppgefið flutningsmagn virðist ekki vera í takt við raunveruleikann.

Sumar stofnanir eru farnar að huga að tækifærum tengdum uppbyggingu innviða en aðrar ekki. Oft er það liður í lagalegum skyldum þeirra að móta stefnu til framtíðar en innviðaúrbæturnar koma inn í þá vinnu. Háskólasetrið taldi ekki að miklar líkur yrðu á aukinni starfsemi samfara bættum samgöngum.

Fundarmönnum fannst samskipti við sveitarstjórn almennt vera ágæt en slíkt færi ávalt eftir því hver væri í forsvari hverju sinni. Samskipti stofnana eru fyrst og fremst við aðrar stofnanir eða ráðuneyti í Reykjavík. Ekki sé þörf á miklum samskiptum við sveitarfélagið.

Bent var á að hugsanlega eru einhverjir starfsmenn og stjórnendur stofnana sem óttast að verkefnum fækki í kjölfar innviðauppbyggingar, því stofnanir búa nú yfir sérfræðilegri þekkingu á svæðinu sem nýst hefur síðustu ár og áratugi. Almennt sjá menn þó að öll vinna í gegnum netið verður auðveldari og fljótlegri og muni skapa stöðugra atvinnuumhverfi.

Fólksfækkun gerir íþróttastarf og tómstundastarf erfiðara en áður. Það fækkar í æfingahópum og erfiðara er að ná í lið og heilsteyptan hóp til lengri tíma. Jafnframt er erfitt að reka líkamsræktarstöð á þéttbýlu svæðunum ef massinn er ekki nægur. Fjarlægðir á milli staða gera að verkum að langt er að sækja mótherja til að keppa við. Við þetta bætist svo óvissa vegna samgangna yfir vetrartímenn, þegar flug fellur niður eða vegir eru lokaðir vegna ófærðar. Þeir sem eru staðsettir á Patreksfirði þurfa stundum að sækja mótherja á Ísafjörð sem er mjög erfitt yfir vetrarmánuðina auðveldara er að fara til Snæfellsnes.

Þegar spurt var um sérstöðu svæðisins m.t.t. starfsemi stofnanna eða félaga, var sérstaklega talað um nándina við fólkið og smæð samfélagsins – sem getur líka verið kostur, t.d. vegna þess að mögulegt er að bjóða upp á betri persónulega þjónustu en í stórum samfélögum. Nefnt var að það telst mikill kostur að hafa skíðasvæðin og góðar aðstæður til fjallaskíðaiðkunar. Uppbygging á göngusvæði í Selárdal, uppbygging á gönguskála eru afar jákvæðar.

2.3.3 Iðnaður, verslun og nýsköpun

Nýsköpunarfyrirtæki telja almennt ekki miklar hömlur vera til staðar vegna staðsetningar. Þetta er þó misjafnt eftir fyrirtækjum og þeirri starfsemi sem þau sinna. Hömlurnar felast að mestu leyti í landflutningum vegna lélegs samgöngukerfis og skorts á stöðugu og öflugum fjarskiptakerfi. Að sumu leyti veitir staðsetningin forskot, m.a. vegna þess að auðvelt er að nálgast styrki innan svæðisins.

Fundarmenn bentu á að ekki er nægilegt að fá bara hringtengingu ljósleiðara ef hún nær ekki alla leið til notenda. Rekstrarumhverfið er ekki samkeppnishæft eins og er, nokkur störf t.d. á Hólmavík og Drangnesi eru unnin með fjarvinnu og því mjög mikilvægt að fjarskiptin séu í lagi. Bent var á að mjög mikill kostnaður félli á vestfirskt samfélag á hverju ári vegna lélegs afhendingaröryggis raforku. Jafnframt var bent á nauðsyn þess að fyrirtæki hafi aðgang að varaafli vegna ótryggrar raforku. Hömlur eru á uppbyggingu orkufyrirtækja þar sem t.d. ekki liggja háspennulínur að stöðum sem eru fýsileg til raforkuframleiðslu og liggur mikill kostnaður í því að tengja þessi svæði. Fundarmenn nefndu að áfram verður flugkostnaður hár sem eru hömlur. Fundarmenn veltu því fyrir sér hvort flugið verður jafn mikilvægt eftir hringtengingu vegakerfisins og það er í dag.

Undir þessum málaflokki þegar rætt var um tækifæri eftir innviðaupbyggingu kom fram að fundarmenn sáu ekki endilega mikil tækifæri vegna breytinganna frekar að rekstur yrði stöðugri og að ekki félli til kostnaður t.d. vegna bilana sökum truflana á raforkukerfi. Fundarmenn töldu að tækifærin væru fólgin í auðlindum Vestfjarða eins og jarðhita, fisk, ræktun bláskeljar, þörungavinnsla o.fl.

Í þessum málaflokki töldu fundarmenn að almennt væri stuðningur frá sveitarfélaginu við starfsemi þeirra, ekki væru stefnur í gildi hjá sveitarfélaginu en gott samtal væri á milli aðila.

Ekki bar á því að fyrirtæki hefðu mótað sér eða ætluðu að móta stefnu sem byggir meðal annars á því hvernig rekstrarumhverfi þeirra yrði eftir innviðauþbætur.

2.3.4 Ferðaþjónusta

Samráðsfundirnir voru vel sóttir af aðilum í ferðaþjónustu og í öllum umræðuhópnum spunnust allmiklar umræður um tækifæri og hömlur innan ferðaþjónustu. Þetta endurspeglar vel hversu fyrirferðamikil atvinnugreinin er orðin.

Stærstu hömlur ferðaþjónustunnar á Vestfjörðum eru samgöngurnar. Erfitt er að markaðssetja Vestfirði sem áfangastað yfir vetrarmánuðina vegna þess að stóran hluta af árinu eru ákveðnir vegir illfærir eða lokaðir vegna skorts á vetrarþjónustu og lélegra vega. Langmest af tekjum

ferðapjónustufyrirtækjanna kemur inn á þriggja mánaða tímabili yfir hásumarið og sá hagnaður er étinn upp yfir vetrarmánuðina vegna skorts á viðskiptum. Stutt er síðan að Vegagerðin hóf mokstur sjö daga í viku á fjölförnustu leiðum, en til þess að geta boðið upp á afþreyingu þarf að auka við vetrarpjónustu svo það sé öruggt aðgengi að áhugaverðum stöðum og viðburðum. Fundarmenn bentu á að þó svo að stóra myndin varðandi innviðina sé bætt þá eru innansveitarvegir víða illa farnir og mikilvægt er fyrir ferðapjónustuna að vetrarpjónusta Vegagerðarinnar verði aukin.

Það háir sunnanverðum Vestfjörðum að almenningssamgöngur á milli Ísafjarðar og Hólmavíkur eru lélegar og það hefur áhrif á aðsókn ferðamanna til svæðisins. Það þekktist einnig að afbókanir séu algengar yfir vetrarmánuðina vegna lélegrar vetrarpjónustu og óstöðugra flugsamgangna. Það gæti verið meira samstarf á milli gististaða og skipulagðra ferða í tengslum við hringveginn. Tækifæri felast einnig í fyrrnefndum hömlum, því mörg svæði utan Vestfjarða eru orðin vel mettuð af ferðamönnum. Á Vestfjörðum er hins vegar ákveðin ímynd sem er ekki lengur til staðar á öðrum svæðum.

Fundarmenn töldu að skilgreina þurfi hvernig ferðafólk við viljum fá inn á svæðið. Áherslur geta verið mismunandi hjá fyrirtækjum í ferðapjónustu. Ákveðin fyrirtæki gera út á skemmtiferðaskip en fjöldi ferðamanna sem kemur með þeim getur spillt fyrir öðrum aðilum í greininni. Ímynd svæðisins út á við er ekki alltaf nógu góð. M.a. sést það á viðbrögðum söluaðila utan Ísafjarðar. Hér vantar betri upplýsingagjöf til að breyta ímynd svæðisins.

Fundarmenn telja mikilvægt að auka löggæslu á svæðinu vegna aukins ferðamannstraums og að horfa þurfi heildstætt á öryggismál, bæði fyrir ferðamenn en ekki síður heimamenn. Góð fjarskipti eru ein af forsendum öryggis í ferðapjónustu. Þeir staðir sem eru án ljósleiðaratengingar eru oft þeir staðir sem eru hvað áhugaverðastir fyrir ferðamenn.

Ferðapjónustan hefur ekki orðið sérstaklega vör við það að sveitarfélögin hafi ákveðna stefnu fyrir greinina og almennt eru þau ekki upptekin af henni. Sum fyrirtæki eru þegar byrjuð á að huga að markaðssetningu, t.d. yfir vetrarmánuðina, eftir að innviðaukbæturnar hafa átt sér stað. Ferðamálasamtök Vestfjarða vinna nú að sameiginlegri stefnumörkun. Fundarmenn töldu mörg tækifæri til staðar í þróun ferðapjónustu á Vestfjörðum. Á meðal þeirra má nefna:

- Ósnortin náttúra – nálægð við fjöllin og fjöru - gott aðgengi að náttúrunni.
- Galdrasýningin vinnur á ársvísu, vinna meira með galdrapema og þjóðtrú á Ströndum.
- Söfn, setur og sýningar má víða virkja betur sem miðlægar menningarstofnanir sem skipta máli fyrir mannlíf og ferðapjónustu.
- Efla samstarf safna, setra og sýninga við listafólk, fræðimenn, rannsóknarstofnanir og ferðapjónustu.
- Marga magnaða staði þarf að skilgreina sem ferðamannastaði og vinna markvisst að uppbyggingu þeirra. Dæmi voru t.d. nefnd um Látrabjarg, Selárdal, Rauðasand, Skálavík, Kaldalón, Trékyllisvík, Grímsey o.fl.
- Sama á við um að skilgreina þorpin sem ferðamannastaði og vinna að skipulags- og uppbyggingarverkefnum tengd útivist, gönguleiðum, menningarlandslagi og sögu innan þeirra og í nágrenni þeirra. Sama gildir um söfn og setur í dreifbýli, einnig gististaði og aðra þjónustu.
- Ósnortin náttúra – kyrrðin – fámennið.
- Mikið fuglalíf sem hægt er að vinna meira með í ferðapjónustu.
- Selir og hvalir í nánd.

Ferðapjónustan vill fá umhverfisvottun – stimpil sem aðilar geta flaggað í sinni markaðssetningu. Dæmi eru um borgir og svæði sem hafa t.d. bannað plastflöskur. Einnig er mikill áhugi á stofnun þjóðgarðs á Vestfjörðum hjá mörgum ferðapjónustuaðilum, slíkt hafi mikil margfeldisáhrif og auki aðsókn.

2.3.5 Landbúnaður

Samráðsfundirnir voru ekki vel sóttir af aðilum í landbúnaði. Þrátt fyrir það varð góð umræða um málaflokkinn.

Léleg fjarskipti og innansveitarsamgöngur hindra jákvæða þróun í landbúnaði á Vestfjörðum. Á ákveðnum svæðum er nettenging léleg og sums staðar er hvorki nettenging, sjónvarp eða sími. Góð fjarskipti eru forsenda fyrir öflugum rekstri í sveit. Ungt fólk sættir sig ekki við léleg fjarskipti. Fjarlægð frá býli til þéttbýlis skiptir einnig miklu máli. Þeir sem búa við mestu fjarlægðina eru í vanda með félagslega þætti. Ekki er komin þrífösun á rafmagni alls staðar og það er hindrun fyrir landbúnaðinn. Ýmislegt er þó búið að gera í landbúnaði síðustu ár, m.a. að sameina búnaðarfélög og hugsanlegt er að frekari sameiningar verði.

Flutningskostnaður er hár vegna þeirra þátta sem áður var fjallað um. Flest þjónustufyrirtæki sem tengjast landbúnaði eru farin af svæðinu og það er orðið algengara en áður að fyrirtækjum sé ekki stjórnað hér á svæðinu.

Jarðgöng á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar munu breyta mjög miklu fyrir greinina, líkt og vegur um Þröskulda sem gjörbreytti aðstæðum. Dæmi var tekið um áburðarsölu en jarðgöng munu breyta mikla miklu fyrir þannig þjónustu. Vetrarþjónusta verður áfram hindrun, hvernig verður þjónustan á vegum á Ströndum og við Djúp þegar Dýrafjarðargöng opna? Verður þjónustan skert þar á móti aukinni þjónustu við vesturleiðina til Ísafjarðar? Hvert verður hlutverk hafna, t.d. á Stað, Flateyjarhöfn, á Brjánslæk og í Norðurfirði? Hvað verður um siglingar út í Breiðafjarðareyjar frá Reykhólum? Hvað með innansveitarvegina? Í nýjum búvörusamningi, sem nú er til skoðunar, eru ákvæði um innviði.

Fyrir landbúnaðinn er afar mikilvægt að uppbyggingin nái út fyrir „hringinn“. Að ljósleiðarinn og vegtengingar þjóni sveitunum, en liggja ekki aðeins til þéttbýlisins. Dæmi var tekið um lagningu á rafstreng og ljósleiðara til Ingjaldssands og út á Barða. Með því hefðu margir bæir tengst og sjómenn einnig notið góðs af aðgerðinni. Það stóð á leyfisveitingum og málið tók langan tíma. Fyrir vikið frestast framkvæmdin með tilheyrandi samkeppnishömlum fyrir svæðið. Bent var á að gamall kapall lægi frá Holti í Dýrafjörð.

Landbúnaður á Vestfjörðum er að sumu leyti framarlega vegna hreins umhverfis. Það er þó ekkert öruggt í þeim efnum, sbr. Funamálið. Eins veltu menn fyrir sér annarri mengun, svo sem vegna skemmtiferðaskipa og áhrifum á landbúnað og ímynd hans vegna þessa.

Bent var á tækifæri sem geta falist í samstarfi einstaklinga og fyrirtækja sem tengjast landbúnaði, svo sem Örnú í Bolungarvík. Annað dæmi um sprota sem tengist landbúnaði er saltvinnsla í Reykjanesi og á Reykhólum. Tækifæri þeirra sem starfa í landbúnaði er mjög háð stöðu innviða, sem er mjög misjöfn, og því má segja að ekki sitji allir við sama borð.

Landbúnaðurinn vill gleymast og fær ekki nógu mikla athygli. Rætt var um það að bændur tækju ekki á móti ferðamönnum. Það hafa þó komið fyrirspurnir til þeirra sem selja ferðir og þjónustu til ferðamanna. Ef til vill vantar hjálp til þeirra bænda sem vilja bjóða upp á þetta, t.d. frá sveitarfélögunum. Hvað eru ferðamenn tilbúnir að borga fyrir þetta?

Stuttu fyrir efnahagshrunið fór verð á jörðum hátt upp og erfitt var fyrir landbúnaðinn að keppa við það verð. Á Vestfjörðum fór jarðaverð þó ekki svo hátt. Almennt er verð á jörðum hér lægra en annars staðar. Í þessu felast tækifæri og hægt er að fá góðar jarðir, t.d. fyrir sauðfjárrækt, á viðráðanlegu verði. Jarðir geta verið góðar hér – t.d. er ofbeitt ekki stórt vandamál á svæðinu. Fundarmenn töldu upp atriði sem teljast sem sérstaða á Vestfjörðum fyrir landbúnað;

- Beitoland, mikið landrymi, kjarngott og ekki ofbeitt land
- Ólíklegt er að svæðið ofmettist í bráð
- Frambærilegir áfangastaðir, skoðunarstaðir
- Aðgangur að náttúrugæðum, t.d. jurtir og salt, sem hugmyndaríkt fólk er að vinna verðmæti úr
- Eyjar í Breiðafirði
- Nesin í Múlasveitinni (Svínanes)

2.3.6 Sameiginleg sýn samráðsaðila

Í þessum kafla verður dregið saman þeir sameiginlegu punktar sem fram komu á samráðsfundunum óháð starfsgreinum.

Hömlur

Svæðið er ekki samkeppnishæft miðað við önnur svæði á landinu. Það er erfitt að laða að atvinnustarfsemi og íbúa ef innviðirnir eru ekki í lagi. Ímyndin er einnig nokkuð neikvæð, miðað við þær aðstæður sem eru til staðar. Samgöngur og fjarskipti eru stærstu hömlurnar fyrir frekari uppbyggingu á svæðinu. Mismunur á byggingaverði og fasteignaverði takmarkar uppbygginguna.

Sérstaða Vestfjarða

Náttúran, hreinleikinn, auðlindir sjávar, nálægð við miðin og fámennið eru sérstaðan sem gefur svæðinu samkeppnisforskot.

Fyrirsjáanlegar hindranir eftir uppbyggingu innviða

Mikilvægt er að innviðirnir nái alla leið til notenda en liggi ekki bara hringinn í kringum Vestfirði. Neikvæð viðhorf til samvinnu á milli landssvæða kunna að verða til staðar. Skortur á vetrarþjónustu verður áfram hindrun - mikilvægt er að öll þjónusta og nýting samgöngumannvirkja verði viðunandi.

Fyrirsjáanleg tækifæri eftir uppbyggingu innviða

Almennt aukin þjónusta og starfsemi innan Vestfjarða og við önnur landsvæði. Betri samskipti á milli sveitarfélaga og fyrirtækja á svæðinu. Tækifæri verður til að bæta ímynd Vestfjarða samfara bættum innviðum.

Mótun stefnu

Fá fyrirtæki hafa mótað sér stefnu til að vinna eftir í kjölfar uppbyggingar innviða. Ferðaþjónustufyrirtækin eru þó í startholunum með stefnu sem tekur til þessa þátta.

Samhljómur – stefna

Almennt er góður samhljómur á milli stefnu fyrirtækja á svæðinu og stefnu sveitarfélaga. Oft á tíðum eru aðilar ekki meðvitaðir um stefnu hvors annars. Ekki er mikill hagsmunaágreiningur innan atvinnulífsins. Hann tengist helst uppbyggingu í ferðaþjónustu.

Viðfangsefni

Helstu viðfangsefni stefnumörkunar skv. samráðsaðilum eiga að vera:

- Samgöngur
- fjarskipti
- ferðaþjónusta
- raforka og nýting auðlinda

Mikilvægast er að gera svæðið samkeppnishæft og bæta skilyrði til búsetu og atvinnurekstrar – í sátt við náttúruna.



3 NIÐURSTAÐA GREININGAR

Í þessum kafla verður leitast við að svara spurningum 1-4 sem settar voru fram í kafla 1. Spurningu 5 verður svarað í kafla 4. Spurningarnar eru:

1. Hver er stefna sveitarfélaga á Vestfjörðum samkvæmt gildandi áætlunum? Í hvaða málaflokkum er samhljómur og í hvaða flokkum greinir á?
2. Hvert er leiðarljós sveitarfélaganna?
3. Er samhljómur í þeirri stefnu sem gearar í atvinnulífinu hafa markað sér?
4. Hver verða helstu viðfangsefni í stefnumörkuninni? Hvaða málaflokkar eiga að vera til umræðu við stefnumörkunina og hvaða einstök efnisatriði?
5. Hvernig á að meta og mæla árangur gildandi stefnu og fyrirhugaðrar stefnu?

Ljóst er af greiningu í kafla 2 að sveitarfélögin á Vestfjörðum glíma öll við sömu stóru áskoranirnar: fólksfækkun, ófullnægjandi innviði, einsleitni í atvinnulífi, skort á ungu fólki, skort á menntun, slakt þjónustuframboð og skakka samkeppnisstöðu almennt.

Á Vestfjörðum hefur verið talað um markaðsbrest, m.a. vegna skorts á spennu á vinnumarkaðnum og eftirspurn eftir starfsfólki hefur ekki aukist þrátt fyrir fólksfækkun. Markaðsbrestur er einnig í húsnæðismálum sem birtist í að byggingarverð er langt yfir markaðsverði. Jafnframt hefur komið fram óánægja hjá íbúum með framboð verslunar, þjónustu og verðlag á ákveðnum svæðum.

Sveitarfélögin hafa lagt áherslu á að styðja við stóru atvinnugreinarnar, þ.e. sjávarútveg, landbúnað og ferðaþjónustu en jafnframt hafa þau hvatt til nýsköpunar og vaxtar í öðrum greinum. Ferðaþjónustan er í vexti alls staðar á Íslandi og eldi er í örri þróun á vestur- og norðursvæði Vestfjarða en samdráttur og breytingar hafa verið í landbúnaði, m.a. á austursvæðinu. Allt eru þetta mikilvæg málefni fyrir Vestfirði alla. Nánar er fjallað um stefnu sveitarfélaga í næsta kafla.

3.1 Leiðarljós og meginmarkmið sveitarfélaga

Mikill samhljómur er í leiðarljósum og meginmarkmiðum í gildandi aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga á Vestfjörðum. Þar er rík áhersla lögð á að snúa við neikvæðum flutningsjöfnum. Fram kemur að til að ná því markmið verði öflugir innviðir að vera til staðar. Sveitarfélögin leggja almennt áherslu á fjölbreytta og sjálfbæra nýtingu auðlinda sjávar. Leiðarljósinn og meginmarkmið eftir málaflokkum má sjá hér fyrir neðan.

Náttúra og verndun

- Að varðveita sérkenni og fjölbreytileika svæðisins – frá fjörðum að fjalli.
- Að náttúran er verðmæt auðlind og jafnframt grundvöllur megin atvinnuvega á svæðinu.
- Að setja ákvæði til að varðveita friðlýst svæði í aðalskipulagsáætlunum.
- Að hverfisvernda í aðalskipulagsáætlunum svæði sem ríkisvaldið hefur ekki friðlýst.
- Að varðveita ásynnd, bæði vegna útivistar og ferðaþjónustu.
- Að leggja almennt áherslu á að nýting náttúru og auðlinda fari fram á sjálfbæran hátt.

Samfélag

- Að tryggja fjölbreytt og fjölskylduvænt umhverfi.
- Að tryggja hagkvæma byggðapróun.
- Að nýta kosti nálægðar við náttúruna, m.a. með góðu aðgengi til útivistar og við atvinnusköpun.
- Að tryggja verndun gamalla húsa og annarra menningarverðmæta.
- Að bjóða góða þjónustu við alla íbúa og gesti.

- Að hafa sem besta aðstöðu til fjölbreyttrar menningarstarfsemi.
- Að bæta ímynd og gera þannig búsetu eftirsóknarverðari.

Byggð

- Að sveitarfélögin vilja bjóða upp á fjölbreytta búsetumöguleika og aðlaðandi umhverfi.
- Að boðið verði upp á fjölbreytta frístundabyggð í sátt við náttúru og aðra nýtingu lands.

Atvinna

- Að stuðla að öflugu og fjölbreyttu atvinnulífi.
- Að auðlindir sjávar verði áfram hornsteinn í atvinnulífinu.
- Að sérstök áhersla verði á vöxt í ferðaþjónustu og fiskeldi.
- Að byggja upp minni og millistórri iðnaðarframleiðslu, svo sem vinnslu kalkþörungna.
- Að gera ekki ráð fyrir stóriðnaði skv. skipulagsáætlunum.
- Að landbúnaður haldi stöðu sinni.
- Að áhersla á sjálfbæra þróun verði grunnstef í allri atvinnuþróun.
- Að virkja mannauð og frumkvöðlakraft til nýsköpunar.
- Að tryggja nægt lóðaframboð til að stuðla að jákvæðri atvinnuþróun.

Innviðir

- Að byggja upp öflugna innviði svæðisins, þannig að þeir standist samanburð við önnur svæði á landinu.
- Að tryggja heilsárssamgöngur á milli byggðakjarna.
- Að bæta afhendingaröryggi raforku og að aukinni orkuþörf verði mætt.
- Að tryggja góð fjarskipti og örugga gagnaflutninga um háhraða nettengingu.
- Að göngustígar, hjólabrautir og reiðstígar séu til staðar.
- Að flugvellir og hafnir geti þjónað stærri og fjölbreyttari verkefnum.

Í heildina má því segja að góður samhljómur sé í stefnum sveitarfélaganna á Vestfjörðum. Áherslur eru vissulega mismunandi á milli svæða en ef horft er á stóru myndina má segja að eftirfarandi meginmarkmið séu sameiginleg fyrir öll sveitarfélögin á Vestfjörðum:

- Að á Vestfjörðum sé fjölskylduvænt samfélag.
- Að á Vestfjörðum sé umhverfisvænt og sjálfbært samfélag.
- Að á Vestfjörðum verði uppbygging öflugra innviða sem standast samanburð við önnur svæði.
- Að Vestfirðir séu samkeppnishæfir við önnur svæði á landinu.
- Að á Vestfjörðum sé fjölbreytt og öflugt atvinnulíf þar sem auðlindir sjávar eru hornsteinninn.
- Að Vestfirðir haldi áfram að skipuleggja strandsvæði.
- Að á Vestfjörðum sé góð aðstaða fyrir rekstur sem tengist nýtingu sjávar og sjávarauðlinda.
- Að bæta ímynd Vestfjarða og þannig stuðla að fólksfjölgun og frekari atvinnutækifærum.
- Að aðgengi að náttúrunni sé gott fyrir íbúa og gesti.
- Að gætt verði að varðveislu sérkenna svæðisins, svo sem sögu, menningarminja og landslagi.
- Að uppbygging á Vestfjörðum skerði ekki sérkenni þess eða hafi neikvæð áhrif á ásýnd þess. Fara skal varlega í stærri framkvæmdir og huga að áhrifum þeirra á náttúru og samfélag.
- Að Vestfirðir tryggi nægt framboð af lóðum, fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði.

3.2 Samtal við hagsmunaaðila

Rætt var við fulltrúa í atvinnurekstri og talsmenn stofnana og félagasamtaka eins og fram kom í kafla 2.3. Spurt var um sýn þeirra á svæðið og hverjar væru helstu hindranir og helstu tækifæri á svæðinu að þeirra mati. Í samtalinu kom í ljós að ákveðin málefni og áherslur eru sameiginleg fyrir alla Vestfirði en önnur málefni og aðrar áherslur geta verið mismunandi á milli svæða. Jafnframt geta verið skiptar skoðanir innan sömu greinar á sama svæði. Dæmi um það er hvers konar ferðamenn eigi að laða að Vestfjörðum.

Almennt telja viðmælendur að rekstrarumhverfi og búsetuskilyrði séu ekki samkeppnishæf við önnur svæði á landinu. Samgöngur, fjarskipti og mismunur á byggingarverði og söluverði nýbygginga voru oft nefndar sem hindrun fyrir frekari uppbyggingu.

Aðilar voru sammála um að ýmis tækifæri væru til staðar og að frekari tækifæri myndu opnast með fyrirhugaðri uppbyggingu innviða. Tækifærin felast að miklu leyti í náttúruauðlindunum og smæð samfélaganna – nánd við fólkið. Einnig sáu þátttakendur kost í að Vestfirðir sameinuðust í stefnumótun um afmörkuð málefni og það væri mikilvægt fyrir íbúa á Vestfjörðum að þora að taka stefnumarkandi ákvarðanir og hrinda þeim í framkvæmd. Dæmi um þetta eru staðsetningar stórra hafna og flugvalla.

Jarðgöng á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar, hringtenging ljósleiðara um Vestfirði, auk tengingar byggðar í dreifbýli við ljósleiðarakerfið og aðrar úrbætur sem ráðast á í á næstu árum og fjallað er um í greinargerðinni, munu að flestra mati hafa jákvæð áhrif á þróun svæðisins. Hins vegar þá verða ákveðin mál enn óleyst og nýjar áskoranir verða til. Má m.a. nefna eftirfarandi málefni sem enn verða óleyst: Þjónusta vegna flugsamgangna, vetrarþjónusta á þjóðvegum, viðhald tengivega og álag og árekstrar vegna fjölgunar ferðamanna. Jafnframt kom fram það sjónarmið að bættar samgöngur á milli norður og vestursvæðis Vestfjarða geti haft neikvæð áhrif á fyrirtæki og þjónustu á vestursvæðinu vegna aukinnar samkeppni á milli svæðanna.

Þátttakendur í samtalinu telja lykilatriði að bæta ímynd Vestfjarða, laða að ungt og menntað fólk og að innviðaúrbætur nái alla leið til notenda.

3.3 Svæðisáætlun fyrir Vestfirði

Á fundi verkefnanefndar þann 30. mars og 28. apríl 2016 var rætt um fyrirhugaða vinnu við stefnumörkun sveitarfélaga. Nefndarmenn eru sammála um þau tækifæri sem felast í gerð stefnumörkunar fyrir alla Vestfirði en auk þess telja nefndarmenn rétt að útfæra frekari stefnu fyrir einstök svæði vegna mismunandi aðstæðna og styrkleika þeirra. Byggðarlögin eru ólík en samt eru ákveðnir þættir sameiginlegir með öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum. Eðlilegt er að skipta Vestfjörðum í þrjú svæði: Vestur-, norður- og austursvæði. Skýrt kom fram að við mótun stefnunnar þarf að tryggja að hún sé ekki hamlandi en jafnframt þarf hún að vera skýr og afgerandi. Niðurstaða verkefnanefndar, í ljósi fyrirbyggjandi gagna og greiningarvinnu, er sú að ákjósanlegast sé fyrir sveitarfélög á Vestfjörðum að fara í stefnumótunarvinnu með gerð *svæðisáætlunar*.

Í svæðisáætluninni þarf að setja fram stefnu og markmið um sameiginleg hagsmunamál sveitarfélaganna ásamt leiðum til að ná markmiðunum. Í svæðisáætlun má fjalla nokkuð vítt um framtíð og stefnu sveitarfélaganna og fara út fyrir hina hefðbundnu „skipulags“ málaflokka. Vinna við svæðisáætlun þarf ekki að trufla svæðisskipulagsvinnu Strandabyggðar og Reykhólahrepps. Þvert á móti mun vinna við svæðisáætlun gagnast í vinnu við svæðisskipulag og öfugt. Áætluninni er ætlað að efla samkeppnisstöðu Vestfjarða og nýta þau tækifæri sem blasa við eftir fyrirhugaða innviðauppbyggingu.

Mikilvægasta málefni áætlunarinnar varðar það hvernig eigi að snúa við neikvæðri mannfjöldapróun og hvernig eigi að byggja upp traust og fjölbreytt atvinnulíf í sátt við náttúru og annað umhverfi. Öflugir innviðir eru alger forsenda fyrir uppbyggingu á traustu atvinnulífi

og forsenda fyrir því að fólk vilji búa á svæðinu. Samgöngur á landi, á sjó og í lofti þurfa að vera greiðar og auðveldar. Til þess að hámarka ávinning stefnumörkunarinnar þarf, í framhaldi af stefnumörkuninni, að markaðssetja Vestfirði sem eina heild og draga fram kosti og tækifæri þessara þriggja svæða. Í svæðisáætlun þarf að fjalla um eftirfarandi málaflokka:

Innviðir

Innviðir eru forsenda fyrir öflugum atvinnulífi og fyrir því að fólk kys að búa á svæðinu. Matvælaframleiðsla, iðnaður, og fleiri greinar byggja á útflutningi á vöru og þjónustu og þurfa því góða innviði eins og heilsársvegi og stöðuga nettengingu. Öflug ferðaþjónusta þrífst aðeins með öflugum samgöngum til Vestfjarða og innan þeirra. Jafnframt þarf að tryggja samkeppnishæfar nettengingar og bæta afhendingaröryggi raforku til allra íbúa og fyrirtækja á svæðinu. Eftirfarandi spurningum þarf m.a. að svara:

- Hvar eiga flugvöllur/flugvellir að vera staðsettir?
- Hvernig er hægt að tryggja stöðugar og áreiðanlegar flugsamgöngur?
- Er hægt að efla strandsiglingar?
- Hvaða hafnir eiga að vera útflutningshafnir?
- Hvar þarf að bæta stofn- og tengivegi?
- Hvernig er hægt að tryggja að nettenging skili sér til allra notenda?

Atvinnumál

Fjölga þarf störfum og taka ákvörðun um hvers konar starfsemi eigi að hlúa sérstaklega að fyrir alla Vestfirði en einnig fyrir einstaka svæði. Skoða þarf árekstra á milli atvinnugreina og umhverfisáhrif þeirra. Gera þarf áætlun um uppbyggingu ferðaþjónustu, landbúnaðar, sjávarútvegs o.fl. greina. Eftirfarandi spurningum þarf m.a. að svara:

- Hverjar verða áherslurnar í atvinnumálum á einstökum svæðum?
- Hvernig er hægt að stuðla að nýsköpun?
- Greina þarf ítarlega helstu atvinnugreinarnar. Í ferðaþjónustu þarf t.d. að spyrja: Hvernig ferðamenn á að laða að svæðinu? Hvernig er hægt að stjórna dreifingu ferðamanna? Hvar eiga ferðamenn að dvelja? Hvernig eru innviðir í stakk búnir til að taka á móti ferðamönnum?
- Í sjávarútvegi má spyrja: Hvernig er hægt að skapa bestu rekstrarskilyrðin fyrir fyrirtæki í sjávarútvegi? Hvernig er hægt að byggja brúa á milli sjávarútvegs og nýsköpunar?
- Í fiskeldi má spyrja: Hvar á að byggja upp fiskeldi og hversu umfangsmikið? Hvaða svæði eiga að vera fiskeldislaus? Hvar á að byggja upp þjónustu við eldið? Hvernig á að flytja afurðirnar út af svæðinu? Hvernig á að skapa stöðug rekstrarskilyrði fyrir eldisfyrirtækin?
- Í landbúnaði má spyrja: Hvernig stillum við saman áherslur í hefðbundnum landbúnaði og í ferðaþjónustu?

Orkumál

Hvar á að framleiða orku og hvernig á að nýta hana? Hve mikla orku er fýsilegt að framleiða og hvaða svæði er ásættanlegt að virkja m.t.t. umhverfisáhrifa? Hvernig er hægt að tryggja ásættanlegt afhendingaröryggi raforku alls staðar?

Strandsvæði

Sveitarfélögin þurfa að marka sér stefnu um nýtingu strandsvæða. Stefnan verður grunnur að skipulagi strandsvæða sem vinna þarf í framhaldinu.

Sjálfbærni

Vestfirðir eru tiltölulega hreint og lítið raskað svæði og ímynd svæðisins er í samræmi við það. Flestir vilja sjá aukna atvinnustarfsemi og meiri umsvif á svæðinu en það þarf jafnframt að hafa í huga að mikil tækifæri felast í hreinleikanum og ósnortna landinu. Hreinleikinn er söluvara, m.a. í fiskeldi og ferðaþjónustu. Sveitarfélögin vinna nú að umhverfissvottun en

hún takmarkast við rekstur sveitarfélaganna. Hvaða stefnu vilja sveitarfélögin taka þegar horft er til sjálfbærrar þróunar? Hvernig á að tryggja að atvinnulífið og sveitarfélög gangi í takt? Íslensk stjórnvöld hafa markað stefnu um sjálfbæra þróun og löggjöf um umhverfi og auðlindir byggir almennt á lögmálum um sjálfbæra þróun. Jafnframt mætti skoða áhrif loftslagsbreytinga og aðgerðir til að sporna við þeim. Vilja vestfirsk sveitarfélög vera í fararbroddi á því sviði hér á landi?

Náttúruvernd

Taka þarf ákvarðanir um verndun náttúru. Hvaða svæði vilja sveitarfélögin að verði hverfisvernduð, og hvaða svæði vilja þau að verði gerð að þjóðgarði eða friðlandi? Horfa þarf til þeirra áhrifa sem þessar ákvarðanir geta haft á ólíkar atvinnugreinar, svo sem ferðaþjónustu, sjávarútveg og landbúnað.

Samfélagið

Fjalla þarf um hvaða stefnu sveitarfélög á Vestfjörðum vilja marka sér um þróun samfélaganna í ljósi lýðræðilegrar þróunar. Hvernig má auka lífsgleði og lífsgæði íbúa og bæta þjónustu sveitarfélaga við þá. Hvernig má taka betur á móti nýbúum (innlendum eða af erlendum uppruna) og efla félagslíf og virkni þeirra sem og núverandi íbúa í samfélaginu. Sérstakt viðfangsefni væri hvernig má byggja upp fjölmenningslegt samfélag, hvaða tækifæri eru til staðar, hvaða hindranir eru í veginum og hvernig má yfirvinna þær. Að lokum hvernig má flétta betur saman atvinnulíf og ferðaþjónustu og lífsgæði íbúanna sjálfra. Er ekki ánægður íbúi auglýsingin sem svæðið þarf, jafnvel enn frekar en ánægður ferðamaður.

Mikilvægt er að góð gögn liggi til grundvallar stefnumörkuninni. Jafnframt er lykilatriði að sveitarfélög, atvinnulífið og íbúar gangi í takt. Tryggja þarf að stefnumörkunin og inntak hennar verði vel kynnt og svæðið markaðssett í samræmi við það. Nánar er fjallað um aðferðafræði stefnumörkunarinnar í næsta kafla.

4 NÆSTU SKREF

4.1 Áherslur og aðferðafræði

Í þessum kafla er fjallað um áherslur og aðferðafræði í komandi stefnumótunarvinnu fyrir Vestfirði. Kaflinn inniheldur ekki ítarlega lýsingu á fyrirhugaðri vinnu, heldur er leitast við að greina frá nokkrum lykilþáttum sem horfa þarf til í þessu sambandi. Mikilvægt er að þeir aðilar sem koma muni að vinnunni átti sig sem best og sem fyrst á þeirri vinnu sem mun fara í gang. Stefna er hugmyndafræðilegt skjal sem birtir framtíðarsýn, áherslur og markmið þar sem leiðir að markmiðum eru skilgreindar.³² Hægt er að segja að stefna án áætlunar sé óskalisti ef ekki fylgir áætlun og áætlun án stefnu sé fremur haldlítil.³³ Nánar verður fjallað um þetta í kaflanum og jafnframt sýnd dæmi sem tengjast þessu verkefni.

4.2 Fyrirliggjandi gögn

Mikilvægt er að fyrir liggja greinargóðar upplýsingar um náttúru, samfélag og efnahag á Vestfjörðum. Frekari greiningar eru nauðsynlegar til að hægt sé að móta stefnu á traustum grunni. Gæði gagna eru einnig mikilvæg við framfylgd stefnu og árangursmat. Nánar er fjallað um árangursmat í kafla 5. Í kafla 2 hefur verið fjallað um stefnu ríkisins í ýmsum málaflokkum og stefnu fyrirtækja og félagasamtaka í einstökum greinum atvinnulífsins. Helstu gögn sem nú liggja fyrir, og fjalla um líkleg viðfangsefni stefnumörkunar fyrir Vestfirði, eru eftirfarandi:

- Aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga á Vestfjörðum
- Vestfirðir – stöðugreining Byggðastofnunar 2014
- Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019
- Greiningar Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða á atvinnulífi og samfélagi

Til viðbótar eru margvíslegir gagnagrunnar og opinberar upplýsingar sem hægt verður að sækja gögn í, svo sem upplýsingar um íbúafjölda, samsetningu íbúa og búferlaflutninga sem og gögn um einstakar atvinnugreinar. Aðrar stofnanir búa einnig yfir gögnum sem geta nýst í stefnumörkuninni, svo sem Umhverfisstofnun, Orkustofnun, Fiskistofa og ráðuneyti sem fara t.d. með málefni landbúnaðar, samgangna o.fl.

Að lokum má nefna ýmsar upplýsingar sem liggja fyrir vegna ákveðinna verkefna, svo sem í tengslum við umhverfismat vegna fiskeldis á Vestfjörðum og gögn um staðarvalskosti fyrir stóriðnað sem unnin voru á árinu 2007 á grunni tillögu Vestfjarðanefndar. Ekki verður farið í nánari upptalningu eða umræður um eðli og nytsemi þessara gagna en þess í stað er vísað í heimildaskrá aftast í þessari greinargerð.

4.3 Greining hagsmunaaðila

Góð samvinna við hagsmunaaðila er eitt af lykilatriðum farsællar stefnumörkunar. Slíkt verklag auðveldar upplýsingaöflun og greiningu á helstu hagsmunaaðilum og öðrum vandamálum sem tengjast viðfangsefnum. Jafnframt verður auðveldara að greina kosti og tækifæri sem eru fyrir hendi. Þátttaka þessara aðila er jafnframt mjög mikilvæg því hún eykur almennan skilning og stuðning við áætlunina sem unnið er að. Hætta er á að ekki verði unnið eftir stefnunni ef hagsmunaaðilar finna ekki til eignarhalds á henni.

Í upphafi þarf að greina hagsmunaaðilana og meta vægi þeirra. Verkefnið er þó vandasamt, því miklir hagsmunir geta verið í húfi. Því er mikilvægt að hafa verkefnið vel skilgreint en hlusta jafnframt á væntingar og skoðanir þessara aðila. Hagsmunaaðilagreiningu er ætlað að hindra það að minnihlutahópar verði undir og einungis áhrifamiklir og stórir hagsmunaaðilar nái sínu

³² Forsætisráðuneytið (2013)

³³ Salvör Jónsdóttir (2013)

heldur hafi sérstöðu til þess að þau hafi einhverja merkingu. Gildi taka að jafnaði hæfum breytingum og þau hafa áhrif á viðhorf og hegðun og eru því djúpstæð í menningu, t.d. svæðis líkt og Vestfjarða.³⁵ Gildið gæti snúist um sjálfbærni og verið í samhengi við Earth Check vottunina, með því er hægt að tryggja að gildi Vestfjarða verði þau sömu í starfi sveitarfélaga, fyrirtækja og gegnum alla stefnumótun sveitarfélaganna og einkaaðila. Dæmi um hugsanleg gildi Vestfjarða: Virðing við náttúru, sjálfbær nýting auðlinda og nýsköpun.

4.5 PESTLE og SVÓT greining

Áður hefur verið fjallað um helstu hagsmunamál Vestfjarða og fyrirhuguð viðfangsefni í svæðisáætluninni. Við nánari greiningu á ytri og innri áhrifaþáttum Vestfjarða er fýsilegt að notast við svokallaðar PESTEL og SVÓT greiningar, sem oft eru notaðar við stefnumótun. PESTLE samanstendur af nokkrum meginþáttum í umhverfi, nánar tiltekið pólitískum (P), efnahagslegum (E), samfélagslegum (S), tæknilegum (T), lagalegum (L) og umhverfislegum (E) þáttum. SVÓT greinir innra og ytra umhverfi svæðis og má skipta greiningunni í tvennt, styrkleika svæðis og veikleika svæðis. Mælt er með að þessar greiningar verði unnar saman. SVÓT greining er mjög einföld í notkun en vankantar hennar eru að hún greinir ekki nægilega vel ytri þætti verkefnis. PESTEL greining lítur sérstaklega á ytri þætti verkefnis en ekki innri þætti. Það er því verkefninu til bóta að nota báðar greiningaraðferðirnar.³⁵

Tafla 3. Hér er dæmi um uppsetningu á töflu skv. PESTLE og SVÓT aðferðafræði fyrir málaflokkinn innviðir.

Innviðir						
	Pólitískum	Efnahagslegum	Félagslegum	Tæknilegum	Umhverfislegum	Lagalegum
Styrkur						
Veikleiki						
Tækifæri						
Ógnanir						

4.6 Meginmarkmið og undirmerkið

Þegar að framtíðarsýnin hefur verið mótuð er hægt að setja markmið. Þannig verður byggð brú á milli framtíðarsýnar og núverandi stöðu. Markmiðin tilgreina hvað þurfi að gera til að ná framtíðarsýninni?³⁵

Markmið geta verið hlutlæg og huglæg. Meginmarkmið eru oft á tíðum huglæg en undirmerkið hlutlæg. Markmiðin þurfa að vera raunhæf og þeim verða að fylgja hlutlægar leiðir til þess að stefnan sé framkvæmanleg.³⁶ Forgangsraða þarf þessum markmiðum og það þurfa sveitarfélögin að gera í sameiningu.

4.7 Framfylgd stefnu og árangursmat

Þegar framtíðarsýnin og markmið liggja fyrir er mikilvægt að skilgreindar verði leiðir til að ná markmiðunum. Jafnframt þarf að setja mælikvarða á árangursmat fyrir tiltekin markmið.³⁵ Hvernig metum við árangur? Hvernig hefur gengið að framfylgja núverandi stefnu? Hvaða leiðir sjáum við færar og hvaða leiðir sjáum við fyrir okkur að gætu styrkt stöðu Vestfjarða? Svára þarf þessum spurningum þegar farið verður í frekari stefnumótun.

³⁵ Helgi Þór Ingason og Haukur Ingi Jónasson 2011

³⁶ Forsætisráðuneytið 2013

Mælikvarðar eru tæki til að kann hvort náðst hefur að framfylgja markmiðum sem sett voru fram í stefnunni. Þegar verið er að vinna stefnu til margra ára líkt og svæðisskipulag/svæðisáætlun þá getur verið gott að skilgreina fleiri en einn áfanga fyrir ákv. markmið. Sem dæmi mætti nefna að Vestfirðir setji sér markmið að öll heimili og fyrirtæki á Vestfjörðum verði ljósleiðarvædd árið 2020. Fyrsti áfangi gæti verið að árið 2018 verður 80% af markmiðinu náð og árið 2020 öll heimili og öll fyrirtæki. Með því að nota mælikvarða markvisst og vakta árangur stefunnar er verið að tryggja gott aðhald og mun meiri líkur eru á að stefnan nái fram að ganga.³⁷

Líta þarf á stefnu, markmið og leiðir sem verkefnaáætlun sem unnið er markvisst eftir. Til þess að allir aðilar séu tilbúnir í þá vinnu verður að ríkja samstaða. Fjármögnun leiða þarf að komast inn á fjárhagsáætlanir sveitarfélaga hverju sinni - á þessu stigi er mikilvægt að sveitarfélögin tali saman til að forgangsraða markmiðum og aðgerðum og tryggja að samræmi sé í fjárhagsáætlunum m.t.t. þessara verkefna.

Stefnan þarf að vera lifandi skjal sem er endurskoðað reglulega. Stjórnvöld í Skotlandi byggja stefnumótun og áætlanagerð sína upp á skilvirkan hátt. Þar er mótuð sér stefna (t.d. landsskipulagsstefna og stefna um hjólreiðar á landsvísu) og raunhæf og skýr meginmarkmið sett. Oftast taka Skotar upp sýnar stefnur á 2-5 ára fresti þar sem farið er yfir markmiðin sem voru sett og skoðað hvort þau hafi náðst út frá árangursmati þeirra. Ef markmiðin hafa ekki náðst er ástæðan fyrir því greind og hvað þurfi að gera til að ná þeim innan setts tímaramma.³⁸

Þegar stefna er endurskoðuð eða mótuð er gott að spyrja sig eftirfarandi spurninga: Hvernig metum við árangur stefunnar? Hvernig hefur gengið að framfylgja núverandi stefnu? Hvaða leiðir sjáum við færar og hvaða leiðir sjáum við fyrir okkur að gætu hjálpað við að styrkja stöðu Vestfjarða? Leita þarf svar við þessum spurningum þegar farið verður í frekari stefnumótun.

Tafla 4. Í töflunni er dæmi um sameiginlegt markmið.

Markmið	Leiðir/aðgerðir	Ábyrgð	Mælikvarði
Að bæta ímynd Vestfjarða og þannig stuðla að fólksfjölgun og frekari atvinnutækifærum	Markaðssetja Vestfirði sem gott svæði til að búa á og alla upp börn	Markaðsstofa Vestfjarða Fjórðungssambandið Sveitarfélögin	Viðhorfskannanir Staða íbúafjölda fyrir stefnu og eftir að leiðunum hefur verið hrint í aðgerðir.
	Markaðssetja Vestfirði fyrir þær atvinnugreinar sem hafa hag af fjórðunum og sjónum	Markaðsstofa Vestfjarða Fjórðungssambandið Sveitarfélögin	Tölur um fjölgun fyrirtækja í stoðgreinum Tölur um fjölgun fyrirtækja í afleiddum greinum stoðgreina

³⁷ Forsætisráðuneytið 2011

³⁸ The Scottish Government 2016

HEIMILDIR

Alþingi. *Bingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2011 -2022*. Sótt þann 07.04.2016 af <http://www.althingi.is/alttext/140/s/pdf/1630.pdf>

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (2016). *Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Bændasamtök Íslands gera með sér samning*. Sótt þann 3.05.2016 af <https://www.atvinnuegaraduneyti.is/verkefni/malaflokkar/landbunadur/bunadarlagasamningar/nr/6874>

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða 2014. Staða atvinnulífs á Vstfjörðum. Neil Shiran K. Þórisson. 15. Ágúst 2014.

Aðalskipulag Árneshrepps 2005-2025. Sótt þann 07.04.2016 af <http://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/display.aspx?countyno=4901>

Bændasamtök Íslands 2013. Svona er íslenskur landbúnaður. Sótt þann 03.05.2016 af <http://www.bondi.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6813+>

Byggðastofnun. *Vestfirðir stöðugreining 2014*. Sótt þann 07.04.2016 af

<http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Soknaraaetlun/vestfirdir.stodugreining-2014.pdf>

Fastanefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngumál (2015). *Skýrsla til 60.*

Fjórðungspings Vestfirðinga haldið á Patreksfirði 2.-3. október 2015. Sótt þann 07.04.2016 af

file:///O:/F/Fj%C3%B3r%C3%B0ungssamband%20Vestfir%C3%B0inga_6144/001_Un dirb%C3%BAningur%20stefnum%C3%B3tunar/72%20Skipulag/Heimildir/Sk%C3%BD rsla_fastanefndar_FV_um_samg%C3%B6ngum%C3%A1l_2015.pdf

Ferðamálastofa 2014. Ferðapjónusta á Íslandi í tölum. Apríl 2014.

Fjarskiptasjóður 2016. *Ísland ljóstengt. Skilmálar styrkúthlutunar til uppbyggingar ljósleiðarkerfa í dreifbýli á árinu 2016*. Sótt þann 23.05.2016 af http://www.fjarskiptasjodur.is/media/fjarskiptasjodur/Island-ljostengt_2016_Skilmalarnir.pdf

Fjórðungssamband Vestfirðinga, Teiknistofan Eik ehf. Háskólaásetur Vestfjarða 2013. *Nýtingaráætlun strandsvæði Arnarfjarðar 2012-2024*. Sótt þann 07.04.2016 af http://www.vestfirdir.is/verkefni/nytingaraaetlun_vinnuskjol/skra/497/

Fjórðungssamband Vestfirðinga. *Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019*. Sótt þann 07.04.2016 af http://www.vestfirdir.is/fjordungssambandid/ymsar_skyrslur/skra/626/

Forsætisráðuneytið 2013. *Handbók um opinbera stefnumótun og áætlanagerð*. Sótt 02.04.2016 af <https://www.forsaetisraduneyti.is/media/utgefidefni/handbok-stefnumotun.pdf>

Helgi Þór Ingason og Haukur Ingi Jónasson 2011. *Stefnumótunarfærni, markmið, stefna og leiðir*. Reykjavík: JPV útgáfa.

Innanríkisráðuneytið (2016). *Fjórtán sveitarfélög frá 450 milljóna króna styrk til*

ljósleiðaravæðingar. Sótt þann 23.05.2016 af

<http://www.fjarskiptasjodur.is/frettir/fjortan-sveitarfelog-fa-450-milljona-krona-styrk-til-ljodsleidaravaedingar-1>

Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands. Nefnd um endurksoðun náttúruverndarlaga. Umhverfisráðuneytið 2011. Sótt þann 15.4. 2016 af https://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/-Hvitbok_natturuvernd.pdf

Kaldrananeshreppur 2011. *Aðalskipulag Kaldrananeshrepps 2010- 2030*. Sótt þann 07.04.2016 af <http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/display.-aspx?countyno=4902>.

Landsnet 2015. *Kerfisáætlun 2015-2024. Drög*. Sótt þann 07.04.2016 af <http://www.landsnet.is/library/Skrar/Kerfisaaetlanir/Kerfis%C3%A1%C3%A6tlun%202015-2024%20dr%C3%B6g%20-%20sk%C3%BDrsla.pdf>

Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (a). *Stefnumótun Mennta- og menningarmálaráðuneytis í íþróttamálum*. Sótt þann 29.04.2016 af https://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Stefnumotun_mrn_ithrottir_low.pdf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2013. *Menningarstefna*. Sótt þann 29.04.2016 af <https://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/7499>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (b). *Hvernig getum við bætt menntun barna okkar?* Sótt þann 29.04.2016 af <https://www.menntamalaraduneyti.is/menntamal/hvitbok/>

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið 2013. *Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024. Úrgangsstjórnun til framtíðar*. Sótt þann 07.04.2016 þann [https://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/urgangur/Landsaaetlun-2013-2024-\(utgafa\).pdf](https://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/urgangur/Landsaaetlun-2013-2024-(utgafa).pdf)

Þingskjal 468- 256. Mál 2013. *Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðáætlun fyrir árin 2014-2017*. Sótt þann 07.04.2016 af <http://www.byggdastofnun.is/static/files/Byggdaaaetlun1417/thingsalyktunartillagan-med-athugasemdum.pdf>

SFS – vefsíða. Stefnumörkun Samtaka Fyrirtækja í Sjárvarútvegi: <http://www.sfs.is/um-sfs/nanar/umhverfisstefna>.

Sóknaráætlun 20/20. Niðurstöður 20/20 sóknaráætlunar. Forsætisráðuneytið, október 2010. <https://www.forsaetisraduneyti.is/media/2020/Soknaraaetlun2020Lokaskyrsla.pdf>

Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019. Fjórðungssamband Vesfirðinga: [file:///C:/Users/GunnarP/Downloads/S%C3%B3knar%C3%A1%C3%A6tlun_Vestfjar%C3%B0a_2015_-_2019%20\(6\).pdf](file:///C:/Users/GunnarP/Downloads/S%C3%B3knar%C3%A1%C3%A6tlun_Vestfjar%C3%B0a_2015_-_2019%20(6).pdf)

Sveitarfélagið Ísafjarðarbær 2009. *Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008 -2020*. Sótt þann 07.04.2016 af http://www.isafjordur.is/utgefid_efni/umhverfismal/skra/234/

Sveitarfélagið Bolungarvík 2010. *Aðalskipulag Bolungarvíkur 2008-2020*. Sótt þann 07.04.2016 af <http://www.bolungarvik.is/userfiles/file/ADALSKIPULAG%202008%20til%202020/a4-ask-bol-grg.pdf>

Súðavíkurhreppur 2002. *Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 1999-2018*. Sótt þann 07.04.2016 af <http://www.sudavik.is/stjornsysla/skipulag/skra/10/>

Sveitarfélagið Strandabyggð 2011. *Sveitarfélagið Strandabyggð. Aðalskipulag 2010-2022*. Sótt þann 07.04.2016 af <http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/display.aspx?countyno=491>

- Samgönguráð 2015. *Samgönguáætlun 2015-2026. Greinargerð með tillögu samgönguráðs. Drög.* Sótt þann 07.04.2016 af <https://www.innanrikisraduneyti.is/verkefni/malaflokkar/samgonguaaetlun/samgonguaaetlun-i-vinnslu/>
- Starfshópur um bætt afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum (2014). *Afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum.* Sótt þann 07.04.2016 af <https://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Acrobat/Vestfjardarskyrsla-2014-Lokadrog.pdf>
- Tálknafjarðahreppur 2006. *Aðalskipulag Tálknafjarðahrepps 2006-2018.* Sótt þann af <http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/display.aspx?countyno=4604>
- The Scottish Government 2016. *Planning.* Sótt 02.04.2016 af <http://www.gov.scot/Topics/Built-Environment/planning/National-Planning-Framework>
- Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi – stefnumörkun til 2020. Umhverfisráðuneytið 2002. <https://www.umhverfisraduneyti.is/utgefid-efni/nr/249>.
- Vesturbyggð 2006. Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018. Sótt þann 07.04.2016 af <http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/display.aspx?countyno=4607>
- Þingskjal 592- 171. mál. Þingsályktun um fjögurra ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011 -2014. Sótt þann 07.04.2016 af <http://www.althingi.is/altext/141/s/0592.html>
- Þingskjal 1163 - 689. mál. *Tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu 2015-2026.* Sótt þann 07.04.2016 af <http://www.althingi.is/altext/144/s/1163.html>
- Þingskjal 892 – 89. mál. *Þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.* Sótt þann 07.04.2016 af <http://www.althingi.is/altext/141/s/0892.html>

